




Þjóðhagur

3. árgangur

Hagspá 2013–2016

Nóvember 2013





Þjóðhagur

Hagspá 2013 - 2016

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Yfirlit yfir verðbólgu og þjóðhagsspá	3
2. Verðbólga nokkuð stöðug	8
3. Áframhaldandi vöxtur einkaneyslu	13
4. Lakari horfur um fjárfestingu	23
<i>Þróun fasteignaverðs</i>	31
5. Óverulegt framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar á næstu árum	33
<i>Þjóðhagslegt mikilvægi ferðapjónustunnar mun aukast verulega á næstu árum</i>	39
6. Ríkisfjármál – mjög erfið staða	41
<i>Björgunarpakkinn fyrir heimilin – hverjar verða afleiðingarnar?</i>	47
7. Innlendir fjármálamarkaðir	50
<i>Fullt afnám fjármagnshaftanna ekki í sjónmáli</i>	53
<i>Þróun eignaverðs frá hruni. Er bóla að myndast?</i>	56
8. Endalok alþjóðlegu fjármálakreppunnar í sjónmáli ...	61

Formáli

Þjóðhagur, ársrit Hagfræðideildar Landsbankans, kemur nú út í þriðja sinn. Í ritinu er fjallað um þróun og horfur í efnahagsmálum innanlands og í helstu viðskiptalöndum. Kynnt er

þjóðhags- og verðbóluspá til fjögurra ára ásamt samanburði við síðustu spá og spár opinberra aðila. Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir áframhaldandi hagvexti á

spátímabilinu og að hann verði að meðaltali 2,4%. Verðbólgan verður áfram talsvert yfir markmiði Seðlabankans þar sem reiknað er með lítilsháttar veikingu krónunnar og viðvarandi

háum verðbólguvætingum á tímabilinu. Þó er gert ráð fyrir að verðbólgan haldist að jafnaði undir efri vikmörkum verðbólgumarkmiðsins.

1. Yfirlit yfir verðbólgu og þjóðhagsspá

Hagfræðideild Landsbankans reiknar með heldur meiri hagvexti á þessu ári en spáð var í maí en aftur á móti er hagvaxtarspái fyrir 2014 og 2015 nú töluvert lægri en hún var áður. Það helgast einna helst af minni fjárfestingu í stóriðju en þá var reiknað með. Að mati deildarinnar hægir verulega á hagvexti í lok spátímans.

Reiknað er með því að hagvöxturinn á næsta ári verði að jöfnu borinn uppi af vexti einkaneyslu, fjármunamyndun og framlagi utanríkisviðskipta en að vöxtur landsframleiðslunnar 2015 verði knúinn áfram af aukinni fjárfestingu og einkaneyslu og framlag utanríkisviðskipta verði þá orðið neikvætt. Þetta mun svo snúast við árið 2016 og þá er reiknað með minni innflutningi enda verður stóriðjuframkvæmdum lokið. Meginþorri hagvaxtar verður þá borinn uppi af vaxandi einkaneyslu.

Gert er ráð fyrir að samneyslan vaxi lítillega en samfleyytt á spátímabilinu en áhrif þessa á hagvöxt verða minniháttar.

Hóflegur vöxtur einkaneyslu á komandi árum

Fyrstu vísbendingar um


einkaneyslu á árinu 2013 benda til þess að talsvert hafi hægt á vexti. Á fyrri hluta ársins nam vöxtur

einkaneyslunnar samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofunnar einungis 1,2% frá sama tíma árið áður. Það er

Hagvöxtur ásamt framlagi undirliða

Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Breyting frá fyrra ári (%)



u.p.b. helmingi minni vöxtur en á sama tímabili undanfarin tvö ár. Gert er ráð fyrir meiri vexti á seinni helmingi ársins og einkaneyslan vaxi um 1,8% í heild milli ára.

Gert er ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu verði hóflegur á spátímabilinu og verði knúinn áfram af vaxandi kaupmætti og hækkandi atvinnustigi. Í spánni er gert ráð fyrir að tímabundnir þættir sem juku á einkaneysluna undanfarin ár hafi ekki sömu áhrif á þessu og næsta ári.

Kaupmáttur jókst um 2,6% árið 2011 og 2,5% árið 2012 en samdráttur varð síðustu þrjú árin þar á undan. Nú í ár hefur kaupmátturinn aukist minna, eða um 1,6% fyrstu 3 ársfórðungana. Kaupmáttaraukningin á þessu ári er einnig í samræmi við aukningu einkaneyslunnar og allt bendir þess að vöxtur einkaneyslu verði minni 2013 en undanfarin tvö ár.

Batnandi staða á vinnumarkaði en óvissa um launaþróun

Batinn á vinnumarkaði milli ára er töluverður. Að meðaltali var atvinnuleysið 6,5% á fyrstu þremur ársfórðungum ársins 2012 en 5,7% á sama tíma 2013 og hefur atvinnuleysið því minnkað um 0,8 prósentustig milli ára. Gert er ráð fyrir áframhaldandi bata á vinnumarkaði og að atvinnuleysið verði 5,5% árið 2013 og lækki niður í 4,2% að meðaltali árið 2016. Þó nú sé búist við því að batinn á vinnumarkaði verði örlítið hægari en spáð var í maí mun hærra atvinnustig ýta undir einkaneyslu á komandi misserum.

Gert er ráð fyrir því að kjarsamningar gangi nokkuð snurðulaust fyrir sig, en engu að síður verði heildarhækjun launa á næsta ári nokkuð umfram það sem samrýmist verðbólgu markmiðinu. Kaupmáttur launa mun vaxa út spátímann og kaupmáttaraukningin árið

2013 verður 1,7% ef spár ganga eftir. Árið 2014 er búist við því að kaupmáttaraukningin verði 1,9% og að árin 2015 og 2016 verði hún 2,1% og 1,8%.

Lakari horfur um fjárfestingu

Horfur eru á að heildarfjármunamyndun leggi heldur minna til hagvaxtar á komandi árum en reiknað var með í fyrri spám Hagfræðideildar fyrir tímabilið. Það skýrist m.a. af talsvert lakari horfum um stóriðutengda fjárfestingu. Helsta breytingin frá fyrri spá er að nú er reiknað með fjárfestingu í kísliveri á Bakka en ekki gert ráð fyrir álveri í Helguvík á spátímabilinu.

Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting dragist saman á þessu ári en fjárfesting í skipum og flugvélum á síðasta ári var mikil. Næstu ár er gert ráð fyrir samfelldri aukningu fjármunamyndunar sem nær hámarki í 11,4% vexti árið 2015. Árið 2016 er

reiknað með litlum vexti eða 0,2%. Það helgast af samdrætti í stóriðju fjárfestingu en gert er ráð fyrir að mesti þunginn í fjárfestingu í kísliveri á Bakka verði árið 2015. Á næsta ári er gert ráð fyrir 6,8% vexti sem verður jöfnum höndum borinn uppi af stóriðju fjárfestingu, almennri atvinnuvegafjárfestingu og fjárfestingu í íbúðarhúsnæði.

Gert er ráð fyrir vexti almennrar atvinnuvegafjárfestingar öll árin 2013 til 2016. Spáð er fremur litlum vexti á þessu ári en kröftugri vexti á næsta ári eða 10%. Þá er búist við því að enn bæti í vöxtinn árið 2015 þegar gert er ráð fyrir 15% vexti. Reiknað er með því að hægist á vextinum árið 2016 og hann verði þá aftur 10%.

Stefnir í að verðbólga verði undir efri vikmörkum

Í ljósi versnandi viðskiptakjara, takmarkaðs aðgangs að erlendum lánamörkuðum


og minnkandi afgangs af viðskiptajöfnuði við útlönd, teljum við líklegra að nafngengi krónunnar muni fremur gefa eftir en styrkjast á komandi árum. Í spánni er því gert ráð fyrir hægfara veikingu krónunnar á spátímabilinu.

Samhliða hjöðun verðbólguðunnar frá byrjun árs 2012 hafa verðbólguvæntingar lækkað nokkuð. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er nú nálægt $3\frac{1}{2}$ prósentí og verðbólguvæntingar fyrirtækja og markaðsaðila á spátímabilinu um 4%. Verðbólguvæntingarnar eru því nokkuð fastar í efri vikmörkum verðbólguðumarkmiðs Seðlabankans, en væntingar eiga það til að ýta undir verðbólgu.

Reiknað er með því að Peningastefnunefnd Seðlabankans muni bregðast við auknum launaþrýstingi með hækkun stýrivaxta snemma á næsta ári. Í ljósi veikingar krónunnar á næstu árum og þralátra verðbólguvæntinga mun það þó ekki nægja

Verðbólgu- og stýrivaxtaspá

Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



til að verðbólga hjaðni að verðbólguðumarkmiðinu á spátímanum. Spáin gerir þó ráð fyrir að verðbólgan haldist innan efri vikmarka verðbólguðumarkmiðsins og hjaðni í átt að markmiðinu undir lok spátímans. Haldist verðbólgan innan við 4% mun efnahagsþróunin fram á seinni hluta árs 2015 ekki kalla á frekari vaxtabreytingar, en reiknað er með lækkun stýrivaxta þegar hægja tekur á hagvexti undir

lok spátímans. Stýrivextir munu þá enda í 5,75% í lok árs 2016.

Afkoma hins opinbera á réttri leið

Óvissan sem umlykur fjárlagafrumvarpið og rekstur ríkisins hefur sjaldan verið meiri. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2014 var lagt fram með afgangi. Mikil umræða hefur verið um ríkisfjár-

málin í kjölfarið og vísar hún í báðar áttir; bæði hefur verið dregið í land hvað boðaðar aðhaldsaðgerðir varðar og einnig gefnar væntingar um mikið aðhald og niðurskurð.

Samneyslan hefur dregist mikið saman á síðustu árum, eða um tæp 7% á árunum 2008 - 2012. Framlag samneyslunnar til hagvaxtar hefur því verið neikvætt á þessum tíma, en fram að þeim tíma var töluverður

Tafla 1: Yfirlit yfir þjóðhagsspá Hagfræðideildar Landsbankans

	Í ma.kr.	Magnbreytingar frá fyrra ári (%)			
Landsframleiðsla og helstu undirliðir hennar	2012	2013	2014	2015	2016
Verg landsframleiðsla	1.699	2,5 (1,8)	2,9 (3,7)	2,3 (3,6)	1,7
Einkaneysla	913	1,8 (1,9)	1,9 (2,1)	2,1 (2,2)	2,1
Samneysla	430	0,5 (0,5)	1,0 (1,0)	1,0 (1,0)	1,0
Fjármunamyndun	247	-6,4 (-11,1)	6,8 (24,8)	11,4 (18,3)	0,2
Atvinnuvegafjárfesting	169	-13,8 (-24,1)	4,4 (29,8)	12,2 (22,8)	-4,4
Fjárfesting í íbúðarhúsnaði	45	10,0 (19,0)	15,0 (21,0)	15,0 (12,0)	10,0
Fjárfesting hins opinbera	34	8,0 (15,0)	5,0 (12,5)	3,0 (10,0)	3,0
Útflutningur vörð og þjónustu	1.010	4,3 (4,5)	2,9 (3,4)	1,8 (4,2)	2,1
Innflutningur vörð og þjónustu	906	-1,1 (-0,4)	1,2 (5,6)	3,6 (6,0)	1,7
Stýrivextir og verðbólga		2013	2014	2015	2016
Stýrivextir (lok árs, %)		6,00 (5,75)	6,50 (6,00)	6,50 (6,25)	5,75
Verðbólga (ársmeðaltal, %)		3,8 (3,5)	3,9 (3,4)	3,8 (3,6)	3,6
Gengi evru (ársmeðaltal)		163 (164)	165 (166)	169 (170)	169
		Ársmeðaltal			
Vinnumarkaður		2013	2014	2015	2016
Kaupmáttur launa (breyting frá fyrra ári, %)		1,7 (2,5)	1,9 (1,1)	2,1 (1,5)	1,8
Atvinnuleysi (hlutfall af vinnuafla, %)		5,5 (4,8)	4,7 (4,2)	4,4 (3,4)	4,2
		Hlutfall af landsframleiðslu			
Viðskiptajöfnuður		2013	2014	2015	2016
Vöru og þjónustujöfnuður		7,8	8,7	7,3	7,1
Viðskiptajöfnuður		2,2	1,0	-0,3	-0,7
Undirliggjandi viðskiptajöfnuður		4,8	3,8	2,3	1,8

Tölur innan sviga eru spá Hagfræðideildar frá maí 2013


vöxtur í samneyslu. Miðað við stöðu opinberra fjármála er þess ekki að vænta að framlag samneyslunnar til hagvaxtar verði mikið á næstu árum. Við gerum ráð fyrir að samneyslan vaxi um 1% á ári út spátímabilið.

Innlendir fjármálamarkaðir enn í skjóli hafta

Þrátt fyrir metnaðarfull markmið stjórvalda fyrir 5 árum vofir skuggi fjármagnshaftanna áfram yfir innlendum fjármálamörkuðum og engin fullmótuð stefna sem gæti aflétt þeim virðist í sjónmáli. Takmarkaður aðgangur að erlendum fjármagnsmörkuðum og skortur á fjölbreyttari fjárfestingakostum mun því áfram standa innlenda markaðnum fyrir þrifum á næstu misserum. Ekki er ólíklegt að hlutabréfamarkaðurinn verði áfram drifkrafturinn á fjármálamarkaði á næsta ári, bæði vegna væntinga um betri afkomu stærstu félaganna og nýrra skráninga.

Hagvaxtarspár ásamt framlagi undirliða

Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Veikur hagvöxtur beggja vegna Atlantshafsins

Efnahagsástandið í Evrópu, mikilvægasta markaðssvæði Íslands, hefur verið erfitt undanfarin misseri. Útlit er þó fyrir að heldur sé að rofa til. Til að mynda jókst landsframleiðsla á evrusvæðinu um 0,3% milli 1. og 2. ársfjórðungs eftir að

hafa dregist saman síðustu sex fjórðunga þar á undan. Á næsta ári gera bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og markaðsaðilar ráð fyrir um 1% hagvexti á evrusvæðinu. Hagvaxtarhorfur í Bandaríkjunum fyrir árið í ár eru svipaðar og fyrir næsta ár eða um 1,5%.

Opinberar spár um hagvöxt næstu ár svipaðar

Spá Hagfræðideildar gerir ráð fyrir 2,4% meðalhagvexti á spátímabilinu sem er samhljóða spá Seðlabankans en Hagstofan spáir 2,5% meðalhagvexti. Spárnar eru hins vegar ólíkar þegar borin eru saman einstök ár og helstu áhrifavaldar hagvaxtar.


2. Verðbólga nokkuð stöðug

Verðbólguþróunin var einstaklega hagfelld í upphafi árs 2011, en í kjölfar kjarasamninganna vorið 2011 jókst verðbólgan hratt og náði hámarki í ársbyrjun 2012 í 6,5%. Verðbólgan tók að hjaðna upp úr því en hefur sveiflast í kringum 4% frá miðbiki síðasta árs.

Verðbólgan mældist 3,6% í október og hefur, fyrir utan ágústmælinguna, verið undir efri vikmörkum verðbólguþróunar Seðlabanka Íslands frá því í mars. Þess ber hins vegar að geta að hækkan tólf mánaða verðbólgu milli júlí og ágúst skýrist fyrst og fremst af grunnáhrifum, en vísalan lækkaði milli mánaða í ágúst 2012.

Dregið hefur úr sveiflum á gengi krónunnar

Um áramótin hætti Seðlabankinn regluglegum kaupum á gjaldeyrí og seldi óvænt 6 milljónir evra á millibankamarkaði. Bankinn fylgdi þessu eftir og seldi á næstu fjórum mánuðum 36 milljónir evra auk þess að selja Landsbankanum evrur framvirkta fyrir 6 milljarða



króna. Þetta virtist hafa stutt við gengi krónunnar, en evran fór á þremur mánuðum úr 170 í 155 krónur. Samhliða vaxtaákvörðun um miðjan maí lýsti Peningastefnunefnd Seðlabankans

því yfir að forsendur hefðu skapast fyrir aukinni virkni Seðlabankans á gjald-eyrismarkaði. Að mati nefndarmanna væri eðlilegt að Seðlabankinn notaði þau stjórntæki sem hann hefur yfir að ráða til þess að

draga úr gengissveiflum; þannig mætti stuðla að því að innlent verðlag aðlagaðist sterktar krónu fyrr en ella og að verðbólguvætingar minnkuðu. Hins vegar lagði nefndin á það áherslu að þetta fæli ekki í sér yfir-

Gengi krónu gagnvart evru 2013


Heimild: Bloomberg, Seðlabanki Íslands



lysingu um fastgengisstefnu. Seðlabankinn myndi kaupa gjaldeyrí á markaði þegar vart yrði við aukið tímabundið innstreymi gjaldeyris til að mæta óhóflegri styrkingu krónunnar og að sama skapi selja gjaldeyrí þegar vart yrði tímabundinna sveiflna í útstreymi hans. Síðan þá hefur Seðlabankinn gripið 14 sinnum inn í á markaðnum, sex sinnum selt evrur og átta sinnum keypt evrur. Frá því yfirlýsingin var gefin hefur gengið verið nokkuð stöðugt, evran hefur lægst farið í 157,6 kr. og hæst í 166,1 kr.

Verðbólga

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideiild



Verðbólga fyrst og fremst innlend

Aukin virkni Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði, auk hagstæðrar þróunar verðlags erlendis, hefur orðið til þess að tólf mánaða hækkan inn-

fluttra vara í vísitölu neysluverðs hefur farið úr 5% í febrúar þegar gengi krónunnar var sem veikast, í innan við eitt prósent í október. Þá hefur dregið úr tólf mánaða verðhækkun á innlendum vörum og þjónustu og hún


hefur lækkað úr tæplega 7% í rúmlega 5%. Ársbreyting þess hluta vísitölu neysluverðs sem byggir á húsnæðisverði hefur hins vegar hækkað úr tæplega einu prósentí í upphafi árs í rúmlega fimm prósent nú.

Væntingar markaðsaðila enn yfir verðbólgu markmiði

Samhliða hjöðun verðbólguunnar frá byrjun árs 2012 hafa verðbólguvæntingar


Verðbólgu- og stýrivaxtaspá

Heimild: Hagfræðideild Landsbankans,
Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



Verðbólguvæntingar

Reiknað út frá mun á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra og verðtryggðra ríkisskuldabréfa: A) HFF24 og RIKB19 og B) HFF34 og RIKB25.
Heimild: Kauphöllin OMX, Hagstofa Íslands



lækkað nokkuð. Verðbólgu-álag á skuldabréfamarkaði er nú öðru hvorum megin við 3,5% eftir því við hvaða skuldabréfaflokka er miðað. Í nýjustu væntingakönnun markaðsaðila sem framkvæmd var í lok október, var miðgildi væntinga um verðbólgu eftir 12 mánuði 4%. Reyndar var miðgildi væntinga markaðsaðila um verðbólgu eftir 24 mánuði, meðaltal næstu fimm ára og meðaltal næstu 10 ára einnig 4 prósent. Verðbólguvæntingarnar eru því nokkuð fastar í efri vikmörkum verðbólguumarkmiðs SÍ.

Stýrivextir óbreyttir

Stýrivextir eru hefðbundið stjórntæki Seðlabankans til að stemma stigu við óstöð-

Raunstýrivextir

Heimild: Kauphóllin OMX, Hagstofa Íslands



ugu verðlagi. Samhliða því að Seðlabankinn hefur tekið upp önnur stjórntæki (þ.e. inngríp á gjaldeyrismarkað) hefur bankinn haldið vöxtum sínum óbreyttum síðan í nóvember 2012.

Eining virðist vera um þetta innan peningastefnunefndarinnar því það sem af er ári hefur enginn nefndarmaður séð ástæðu til að láta bóka að hann hefði frekar kosið vaxtabreytingu. Til samanburðar var á seinasta ári jafnan að minnsta kosti einn meðlimur nefndarinnar sem annað hvort létt bóka að hann hefði kosið aðra niðurstöðu eða greiddi atkvæði gegn þeirri tillögu sem varð ofan á. Nefndarmenn hafa þó séð sig knúna til þess að minnast á það í yfirlýsingum sínum að verði niðurstaða komandi kjarasamninga yfir því sem

samrýmist verðbólguumarkmiði muni peningastefnunefndin verða tilneydd til þess að bregðast við með hækkan vaxta til þess að koma í veg fyrir aukna verðbólgu.

Verðbólga verður áfram talsvert yfir markmiðinu

Áfram er reiknað með því að verðbólgan hér á landi verði talsvert meiri en í viðskiptalöndunum en að raungengið haldist nokkuð stöðugt. Í ljósi versnandi viðskiptakjara, takmarkaðs aðgangs að erlendum lánamörkuðum ásamt minnkandi afgangi af viðskiptajöfnuði við útlönd verður að teljast líklegra að nafngengi krónunnar muni fremur gefa eftir en styrkjast á komandi árum. Í spánni er því gert ráð fyrir hægfara

veikingu krónunnar á spátímabilinu.

Eins og kom fram að ofan er verðbólgan nú fyrst og fremst innlend. Verðbólguvæntingar eru enn í kringum 4 prósent, en verðbólgan á það til að leita í verðbólguvæntingar. Samhliða efnahagsbata hér á landi má búast við áframhaldandi hækkan fasteignaverðs. Að lokum má búast við að launahækkanir skili sér inn í verðlag.

Seðlabankinn hefur gefið það út að verði launahækkanir umfram það sem samrýmist verðbólguumarkmiði muni hann bregðast við með vaxtalækkunum. Gert er ráð fyrir að kjarasamningar verði ekki of riflegir og að hið opinbera muni leggja sitt af mörkum til að halda

verðbólgunni í skefjum líkt og Reykjavíkurborg hefur nú sagst ætla að gera. Engu að síður er reiknað með að launahækkanir verði verðbólguhvetjandi á næsta ári. Búist er við því að Seðlabankinn standi við fyrri yfirlýsingar og hækki vexti um 50 punkta á árinu 2014. Seinni hluta ársins 2015 fer að hægja á hagkerfinu og mun Seðlabankinn bregðast við með vaxtalækkunum. Stýrivextir muni þá enda í 5,75% í lok árs 2016.



3. Áframhaldandi vöxtur einkaneyslu

Vöxtur einkaneyslu á árunum 2011 og 2012 var nokkuð góður eftir mikinn samdrátt áranna 2008 og 2009 og stöðnun árið 2010. Einkaneysla hefur aukist um alls 5% undanfarin tvö ár.

Hægir á vexti einkaneyslunnar

Nýjustu vísbendingar um einkaneyslu á árinu 2013 benda til þess að talsvert hafi hægt á vextinum. Á fyrrí hluta ársins nam vöxtur einkaneyslu einungis 1,2% frá sama tíma árið áður, samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofunnar. Það er u.p.b. helmingi minni vöxtur en á sama tímabili undanfarin tvö ár. Gert er ráð fyrir meiri vexti á seinni helmingi ársins og að einkaneysla vaxi um 1,8% í heild milli ára.

Gert er ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu verði hóflegur á spátímabilinu, knúinn áfram af aukningu kaupmáttar og hækkandi atvinnustigi. Í spánni er gert ráð fyrir að tímabundnir þættir sem juku einkaneyslu undanfarin ár hafi gengið til þurrðar og ekki er gert ráð fyrir nýjum vaxtahvetjandi þáttum líkt og skuldaniðurfellingu. Þær aðgerðir eru enn of-



óljósar og útfærslan ekki kunn. Samþykki ríkisstjórnin aðgerðapakka til handa heimilum í takt við yfirlýsingar getur það haft töluverð áhrif á einkaneysluna.

Aðgerðir stjórnvalda hafa ásamt öðrum tímabundnum

aðgerðum verið mikilvægur þáttur í aukinni einkaneyslu undanfarin ár. Óreglubundnar greiðslur til heimila í kjölfar fjármálakreppunnar námu mest rúnum 26 ma.kr. árið 2011. Mestu munaði þar um úttekt séreignarlífeyrissparnaðar, en einnig

voru um 12 ma.kr greiddir út vegna ólöglegra gengislána og í sérstakar vaxtaniðurgreiðslur það ár. Stærsti einstaki óreglulegi liðurinn árið 2013 var útgreiðslur vegna gengislána, en búist er við því að sá liður verði hverfandi árið 2014.

Alls fóru um 17,5 ma.kr. til heimila í formi sértaekra greiðslna árið 2012 og er búist við því að um 14,3 ma.kr. fari til heimila í ár. Þessar greiðslur munu að einhverju leyti skila sér í einkaneyslu og styðja við vöxt hennar árið 2013.


Árið 2014 er búist við að einkaneyslan vaxi um 1,9% samhliða batnandi atvinnustigi og aukningu kaupmáttar. Á árunum 2015 og 2016 er gert ráð fyrir 2,1% vexti einkaneyslu hvort ár.

Kortaveltutölur benda til aukins vaxtar á seinni árshelmingi

Tölur um kortaveltu eru birtar mánaðarlega og gefa vísbendingu um hvernig einkaneyslan hefur verið að þróast. Kortavelta í verslun hefur aukist meira á þriðja ársfjórðungi á ársgrundvelli

Sérstakar greiðslur til heimila

Heimild: Seðlabanki Íslands




en síðustu fjóra ársfjórðunga þar á undan. Það er sterk vísbending um að vöxtur einkaneyslunnar verði talsvert kröftugri á seinni helmingi ársins en þeim fyrri. Í kjölfar kjarasamninganna

vorið 2011 færðist aukinn kraftur í vöxt kortaveltunnar og náði hann hámarki á öðrum ársfjórðungi 2011 þegar mældist 8,4% aukning milli ára, en talsvert hefur hægt á vexti kortaveltunnar

frá þeim tímapunkti. Þessi þróun endurspeglar óist í þróun einkaneyslunnar.


Kortavelta í verslun

Breyting frá sama fjórðungi árið áður, fast verðlag
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands



Smásöluvístalan

Fyrstu níu mánuði hvers árs.
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar.



Kortanotkun erlendis vex hraðar en innanlands

Vöxtur kortaveltu Íslendinga hefur verið mun meiri erlendis en innanlands. Vöxturinn erlendis á

3. ársfjórðungi þessa árs var 7,2% á móti 2% aukningu innanlands. Á móti kemur að heildarveltan er mun minni erlendis og því vegur innanlend velta meira.

Smásala og innflutningur gefa aðra vísbendingu

Samkvæmt smásöluvístölum Rannsóknarseturs verslunarinnar jókst velta í smásöluverslun meira á

fyrstu þremur ársfjórðungum ársins en á sama tíma í fyrra. Vöxturinn var meiri í öllum undirliðum vísitölunnar á tímabilinu. Það er vísbending um að vöxtur einkaneyslunnar kunni að hafa verið meiri en tölur Hagstofunnar fyrir fyrr árs-helming benda til.

Innflutningur á neysluvörum sýnir einnig meiri vöxt milli ára fyrstu níu mánuði ársins en árið 2012. Skilaboðin eru þó misvísandi. Þegar litið er á innflutning á varanlegum neysluvörum sést meiri vöxtur í öllum liðum nema bílainnflutningi en smávægilegur samdráttur var í innflutningi bíla miðað við sama tímabil í fyrra.

Væntingar landsmanna glæðast


Væntingavísitala Gallup hefur hækkað smám

saman eftir að hafa náð algjöru lágmarki í kjölfar falls viðskiptabankanna. Aukinnar bjartsýnni gætti í aðdraganda kosninganna til Alþingis í vor en veruleg lækkun vísítolunnar í kjölfar þeirra bendir til þess að ný stjórnvöld hafi ekki staðið undir væntingum. Væntingavísitalan hefur lækkað um 33 stig frá því hún náði hámarki í byrjun sumars. Það verður áhugavert að sjá hvaða áhrif boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar varðandi skuldamál heimilanna munu hafa á væntingavísitoluna þegar þær verða kynntar.

Meðaltal væntingavísítolunnar fyrstu 10 mánuði ársins er hærra en fyrstu 10 mánaða ársins 2012. Miklar sveiflur eru jafnan í vísítolunni og gefur 12 mánaða hlaupandi meðaltal því betri

Væntingavísitala heimila

Heimild: Capacent



vísbendingu um þróunina. Á þann mælikvarða virðist vera aukinn stígandi í væntingum Íslendinga.


Innlán og yfirdráttarlán drögust saman

Innlán heimila hafa dregist saman um 4,8% milli ára þegar horft er til meðaltals

fyrstu níu mánaða áranna 2012 og 2013. Samtals eru innlán um 30 ma.kr. lægri á föstu verðlagi en fyrir ári síðan. Þessi þróun þarf ekki að koma á óvart þar sem aðrir fjárfestingarkostir

Yfirdráttarlán heimila

Breyting frá fyrra ári (2013 sýnir breytingu milli fyrstu níu mánaða 2013 og 2012). Fast verðlag
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



virðast skila betri ávöxtun. Hlutabréfamarkaðurinn hefur stækkað mikið undanfarið ár og húsnæðisverð hækkað, svo dæmi séu tekin. Þó verður að ætla að einhver hluti innlána hafi verið nýttur

til að fjármagna einkaneyslu. Talsvert hefur hægt á samdrætti innlána sem lækkuðu um 13% og 14% á árunum 2010 og 2011 en 8% 2012. Fjármagnstekjur heimila jukust árið 2012 eftir sam-


felldan samdrátt frá árinu 2007. Vaxtatekjur heimila af innlánnum í bönkum drögust saman um 1 ma.kr. á milli 2011 og 2012 á meðan arður af innlendum hlutabréfum jókst um 2,6 ma.kr. og var

15,4 ma.kr. Arður af hlutabréfum var um fjórðungur af því sem hann var árið 2007, þegar hann var mestur. Í fjármagnstekjum munar mestu um söluhagnað af hlutabréfum, sá liður var 14,4% af skattskyldum tekjum heimila árið 2007 en einungis 0,7% árið 2012.

Úr töluum um yfirdráttarlán heimila má lesa að yfirdráttur hafi aukist stórlægum undanfarin ár. Þó ber að hafa í huga að nýlegir samrunar kortafyrirtækja og banka urðu til þess að mikil aukning mældist í yfirdrátti þegar farið var að flokka kreditkortaskuldir sem yfirdrátt. Ef tekið er tillit til fyrrnefndra samruna kortafyrirtækja og banka breytist myndin verulega. Þegar leiðrétt er fyrir þessu benda tölurnar til þess að meðal-

Heimili í fjárhagsvandræðum

Heimild: Hagstofa Íslands



staða yfirdráttar landsmanna á föstu verðlagi hafi lækkað á hverju ári á tímabilinu 2007 til 2011. Árið 2012 jukust yfirdráttarlán um 2,6%. Fyrstu níu mánuðir ársins 2013 benda hins vegar til þess að yfirdráttarlánin lækki á ný í ár að raunvirði en um 0,5% lækkun mælist frá sama tímabili ársins 2012.


Hafa ber í huga að þetta er einungis nálgun á tölurnar. Ef tölurnar væru birtar án óreglulegu liðanna væri hægt að gera sér betur grein fyrir þróuninni.

Fjárhagsstaða heimila batnar

Heimilum í fjárhagsvandræðum fækkaði milli áranna 2011 og 2012 á öllum

Kaupmáttur og einkaneysla

Breyting frá fyrra ári. 2013 tölur ná yfir fyrrá árshelming. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands.




mælikvörðum nema einum samkvæmt könnun Hagstofu Íslands. Heimili sem eiga auðvelt með að ná endum saman eru nú yfir helmingur allra heimila, eða 51,8%.

Heimilum sem meta húsnæðiskostnað sinn sem þunga byrði hefur einnig fækkað. Fjöldi heimila í vanskilum stóð í stað í 10,1% milli áranna 2011 og 2012. Hins vegar drögust vanskil

vegna annarra lána saman milli ára. Þessar niðurstöður eru í samræmi við þann bata sem orðið hefur á vinnumarkaði og mun styðja við einkaneyslu á komandi árum.

Vinnumarkaður 2013

Skipting mannfjöldans 16-74 ára
Heimild: Hagstofa Íslands



Þróun kaupmáttar mikilvæg fyrir framhaldið

Töluverð óvissa er um þróun einkaneyslu á komandi árum. Einkaneyslu hefur

að einhverju leyti verið haldið uppi af óreglulegum liðum undanfarin 2 ár. Þar ber helst að nefna sérstakar vaxtabætur, endurgreiðslur vegna ólöglegra lána og útgreiðslur séreignarlífeyris-

sparnaðar. Þessir óreglulegu liðir eru nú að ganga til þurrðar og ætti aukning einkaneyslu að ráðast meira af kaupmáttaraukningu á komandi árum, að öðru óbreyttu. Þá er enn óvissa

vegna kjarasamninga sem verða lausir í lok nóvember; niðurstaða þeirra mun hafa mikið að segja um kaupmáttarþróunina og þ.a.l. þróun einkaneyslu.

Alla jafna er sterkt samband á milli þróunar kaupmáttar og einkaneyslu og hefur það verið til staðar síðustu 3 ár. Við hrunið dróst einkaneysla meira saman en kaupmáttur því ýmsar aðrar tekjur en launatekjur lækkuðu verulega. Kaupmáttur jókst um 2,6% árið 2011 og 2,5% árið 2012 eftir samdrátt síðustu þrjú ár þar á undan. Nú í ár hefur kaupmátturinn aukist minna, eða um 1,6% fyrstu 3 ársfjórðunga 2013. Kaupmáttaraukningin á þessu ári er einnig í samræmi við aukningu einkaneyslu á árinu. Sú þróun gefur til kynna að vöxtur einkaneyslu


verði minni 2013 en undanfarin 2 ár.

Batnandi staða á vinnumarkaði

Atvinnuleysi á Íslandi hefur löngum verið litið og atvinnuþátttaka mikil. Haustið 2008 rauk atvinnuleysið hins vegar upp og fór það hæst í 9,3% samkvæmt Vinnumálastofnun og 11,9% samkvæmt Hagstofunni. Áður hefur verið fjallað um muninn á tölum Hagstofunnar og Vinnumálastofunnar varðandi mælingar á atvinnuleysi.¹ Í stuttu máli getur atvinnuleysi eins og Vinnumálastofnun mælir það verið vanmat á raunverulegu atvinnuleysi þar sem stjórnvaldsáðgerðir hafa mikil áhrif á birta atvinnuleysisistölu. Því er hér spáð fyrir um atvinnuleysið eins

Breyting á liðnum „utan vinnumarkaðar“ 2009-2013

Heimild: Hagstofa Íslands



og það birtist í vinnumarkaðaðskönnum Hagstofunnar.

Batinn á vinnumarkaði milli

ára er töluverður. Að meðaltali var atvinnuleysið 6,5% á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 en 5,7%

á sama tíma 2013, og hefur atvinnuleysið því minnkað um 0,8 prósentustig milli ára.


¹ Sjá m.a. umfjöllun um áhrif stjórnvaldsáðgerða á atvinnuleysi í Þjóðhag, nóvember 2012

Tölur um fjölda starfandi og atvinnuþáttöku benda til þess að batinn á vinnumarkaði hafi fyrst og fremst komið til vegna fjölgunar starfa. Starfandi fólk tók að fjlöga tölувert undir lok ársins 2012. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 voru að meðaltali um 5.000 fleiri einstaklingar starfandi en á sama tíma árið áður, sem er 2,9% aukning milli ára.

Einstaklingum utan vinnumarkaðar hefur einnig fækkað lítillega frá árinu 2009 á sama tíma og atvinnulausum einstaklingum fækkaði um 22%. Samsetning hópsins utan vinnumarkaðar er þannig að álíka margir eru í námi, á eftirlaunum og öryrkjara eða fatlaðir. Árið 2009 var fjöldi námsmanna um 75% meiri en fjöldi öryrkja. Frá þeim tíma hefur þeim fjlögað mikið sem eru ófærir til vinnu eða öryrkjar. Þetta

Atvinnuleysi - spá

Heimild: Hagstofa Íslands,
Hagfræðideild Landsbankans



styður að vissu marki þá kenningu að þeir sem festast í vítahring langtímaatvinnuleysis séu líklegri til þess að hafna utan vinnumarkaðar til frambúðar en að fá vinnu. Því er mikilvægt að leita allra leiða til þess að vinna sérstaklega að úrræðum

fyrir þá sem hafa verið lengi atvinnulausir.
Gert er ráð fyrir áframhaldandi bata á vinnumarkaði og að atvinnuleysið verði 5,5% árið 2013 og lækki niður í 4,2% að meðaltali árið 2016. Þó svo að búist sé við því að

batinn á vinnumarkaði verði örlið hægari en spáð var í maí mun áframhaldandi bati á vinnumarkaði styðja enn frekar við einkaneysluna á komandi misserum.

Óvissa með launapróun

Kjarasamningar eru lausir í lok nóvember og er ekki komin fram lokaniðurstaða hjá samningsaðilum. Tilhneigingin hefur verið sú að samið er um háar krónutöluhækkanir. Þralát verðbólga hefur komið í veg fyrir að þessar hækkanir skili sér að fullu í kaupmáttu launa. Engu að síður hefur verið nokkuð stöðug raunaukning launa frá árinu 1989 eða 1,2% á ári að meðaltali. Gert er ráð fyrir því að kjarasamningar gangi nokkuð snurðulaust fyrir sig, en engu að síður muni launakostnaður hækka meira en sem samrýmist verðbólgu markmiðinu. Kaupmáttur launa mun vaxa út spátímann og kaupmáttaraukningin árið 2013 verður 1,7% ef spár ganga eftir. Árið 2014 er búist við því að kaupmáttaraukningin verði 1,9%

Kaupmáttur launa

Breyting milli ára
Heimild: Hagstofa Íslands



og 2,1% og 1,8% árin 2015 og 2016.

Skilaboðin um einkaneysluna eru því misvísandi. Betri staða heimila, kröftugur bati á vinnumarkaði og góður vöxtur smásölu benda til þess að einkaneyslan ætti að geta aukist nokkuð á milli

ára. Á hinn bóginn er kaupmáttaraukningin minni en undanfarin ár, kortaveltutölur lakari og fyrstu tölur um einkaneyslu árið 2013 benda til minni vaxtar en síðastliðin 2 ár.

4. Lakari horfur um fjárfestingu

Horfur eru á að heildarfjármunamyndun leggi heldur minna til hagvaxtar á komandi árum en reiknað var með í fyrri spám Hagfræðideildar. Það skýrist m.a. af talsvert lakari horfum um stóriðjutengda fjárfestingu.

Helsta breytingin frá fyrri spá er að nú er reiknað með fjárfestingu í kísliveri á Bakka en ekki gert ráð fyrir álveri í Helguvík á spátíma-bilinu.

Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting dragist saman á þessu ári en það helgast fyrst og fremst af mikilli fjárfestingu í skipum og flugvélum á síðasta ári. Næstu ár er gert ráð fyrir samfelldri aukningu fjármunamyndunar sem nái hámarki í 11,4% vexti árið 2015. Árið 2016 er reiknað með litlum vexti, eða 0,2%. Það helgast af samdrætti í stóriðjuþárfestingu en mesti þunginn í þárfestingu í kísliveri á Bakka kemur til árið 2015. Á næsta ári er gert ráð fyrir 6,8% vexti sem verður borinn jöfnum höndum af stóriðjuþárfestingu, almennri atvinnuvegafjárfestingu og fjárfestingu í íbúðarhúsnæði.


Gert er ráð fyrir vexti almennrar atvinnuvegafjárfestingar öll árin 2013 til 2016. Spáð er fremur

litlum vexti á þessu ári en kröftugri vexti á næsta ári, eða 10%. Búist er við að enn bæti í vöxtinn árið 2015

þegar gert er ráð fyrir 15% vexti. Reiknað er með því að hægist á vextinum árið 2016 og hann falli niður í 10%.


Vöxtur fjárfestingar og framlag undirlíða

Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Fjármagnsstofn og vöxtur fjárfestingar

Heimild: Hagstofa Íslands




Fjármagnsstofninn rýrnar þrátt fyrir vöxt fjárfestingar

Fjármagnsstofninn á landinu hélt áfram að rýrna á síðasta ári þrátt fyrir 5% aukningu fjárfestingar milli ára. Samdrátturinn skýrist því af afskriftum umfram fjárfestingu. Frá árinu 2008 hefur fjármagnsstofninn dregist saman um 3,5% sem er mesti samdráttur svo langt aftur sem gögnin ná, eða aftur til seinni heimsstyrjaldar. Raunar má einungis finna eitt annað tímabil þar sem fjármagnsstofninn dróst saman milli ára, en það var í kreppunni í upphafi 10. áratugar síðustu aldar.

Fjárfestingarstigið hér á landi hefur verið mjög lágt á árunum eftir hrun og í raun ekki verið lægra í áratugi. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu nam 12,4%

Fjárfesting – hlutfall af VLF

Heimild: Hagstofa Íslands



árið 2012 til samanburðar við 19% að meðaltali milli 1980 og 2011. Vöxtur fjárfestingar milli áranna 2010 og 2012 var ekki nægur til að halda í við afskriftir og því hélt fjármagnsstofninn áfram að dragast saman.

Á fyrri helmingi ársins dróst fjármunamyndun saman

um 13% og skýrist það fyrst og fremst af miklum innflutningi skipa og flugvéla á sama tímabili í fyrra. Sé horft framhjá skipum og flugvélum jókst fjármunamyndunin um 4,1% milli ára. Fjárfesting atvinnuvega dróst saman um 18,6%, en án skipa og flugvéla mældist vöxtur upp á 4,8%. Íbúða-

fjárfesting jókst lítillega, eða um 1%, og fjárfesting hins opinbera um 5,1%.

Gert ráð fyrir minni stóriðjufjárfestingu

Eitt einkenni hagsögu Íslands síðustu 40 ár er að í kjölfar efnahagsþrenginga

Væntingar stjórnenda

Heimild: Seðlabanki Íslands

Vísitala

250

200

150

100

50

0

2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013

Mat á núverandi stöðu

Væntingar til sex mánaða

Fjárfestingarvörur og flutningatæki

Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala 2004 = 100

200

180

160

140

120

100

80

60

40

20

0

2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013*

Fjárfestingarvörur**

Flutningatæki***

Innflutningur fjárfestingarvara og flutningatækja á fóstu gengi.
*Vöxtur m.v. fyrstu níu márn. ársins. **Fjárfestingarvörur án flutningatækja. ***Flutningatæki til atvinnurekstrar (án skipa og flugvél).

hefur hagkerfið komist á flug á ný með stóriðjuþjárfestingu. Slíkt gerðist í kjölfar hruns síldarinnar í lok 7. áratugar síðustu aldar með álverinu í Straumsvík og tilkomu Norðuráls á Grundartanga eftir kreppuna í byrjun 10. áratugar. Á þessari öld

hafði Reyðarál og miklar fjárfestingar í kringum það tölverð þensluhvetjandi áhrif. Frekari stóriðjuþjárfesting hefur síðan látið bíða eftir sér og til marks um það hefur Seðlabankinn gert ráð fyrir álveri í Helguvík í spám sínum allt frá því árið 2007.


Ekki er gert ráð fyrir álveri í Helguvík að þessu sinni í spá Hagfræðideilda. Enn ríkir tölverð óvissa um að orkuöflunarmöguleikar HS Orku og OR dugi fyrir álverið auk þess sem forstjóri HS Orku gaf nýverið út að hann teldi að núverandi álverð á heims-

markaði útilokaði arðsamt álver og arðsama virkjun á sama tíma.

Gert er ráð fyrir að kísliverið á Bakka verði að veruleika á spátímabilinu en um er að ræða 28 ma.kr. fjárfestingu. Þó að nokkur jákvæð efnahagsleg áhrif verði af framkvæmdinni munu þau þó ekki verða í neinni líkingu við þær stóriðjuþjárfestingar sem nefndar voru hér að framan. Íslenska ríkið og þýska fyrirtækið PCC hafa undirritað samning vegna byggingar og reksturs versins. Raforkusamningur milli Landsvirkjunar og PCC hefur einnig verið undirritaður. Stefnt er að því að framleiðsla hefjist árið 2016 en framleiðslugetan verður fyrst um sinn 33 þúsund tonn á ársgrundvelli, með möguleika á stækkan upp í 66 þúsund tonn.

Skuldsetning sjávarútvegsins

Heimild: Hagstofa Íslands



Stjórnendur bjartsýnir

Kannanir meðal stjórnenda varðandi almenna atvinnuvegafjárfestingu á næstu misserum eru nokkuð misvísandi. Samkvæmt nýjustu væntingakönnun Gallup meðal stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins hafa væntingar ekki mælst jafn miklar til næstu sex mánaða síðan í september 2004. Mat á núverandi ástandi hefur heldur ekki verið betra síðan í mars 2008. Væntingar stjórnenda og fjárfestingar haldast gjarnan í hendur og því má gera ráð fyrir að stjórnendur séu komnir í stellingar með að hefja fjárfestingar fyrir alvöru. Nýbirt könnun Seðlabankans er ekki fyllilega í takt við væntingakönnunina,

en hún sýnir að stjórnendur fyrirtækja gera ráð fyrir að draga örlítið úr fjárfestingu á þessu ári en auka hana síðan um 4% á næsta ári en slíkt verður að teljast fremur hóflegur vöxtur. Á hinn bóginn er sammerkt með þessum könnunum að þær geta tekið tiltölulega miklum breyttingum á stuttum tíma.

Innflutningur flutningatækja tvöfaldast

Innflutningur á flutningatækjum til atvinnurekstrar (án skipa og flugvéla) hefur rúmlega tvöfaldast á síðustu tveimur árum. Gera má ráð fyrir að hluti af þessari aukningu tengist auknum ferðamannafjölda hér á landi. Á föstu gengi hefur þessi

innflutningur farið úr 2,4 ma.kr. árið 2010 í 5,1 ma.kr. árið 2012. Hér er þó rétt að benda á að innflutningurinn árið 2010 var líttill í sögulegu ljósi, en hann nam að meðaltali 22 ma.kr. árin 2005-2008 á hverju ári á gengi ársins 2012.

Innflutningur fjárfestingarvara án flutningatækja var á fyrstu níu mánuðum ársins um 12,1% meiri en á sama tíma í fyrra á föstu gengi.


Fjárfesting í sjávarútvegi mun vaxa nokkuð

Gera má ráð fyrir að fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi vaxi töluvert á næstu árum og helgast það fyrst og fremst af tvennu. Í fyrsta

lagi er meðalaldur fiskveiðiflotans orðinn fremur hár og því komin umtalsverð fjárfestingarþörf. Í öðru lagi hefur rekstur íslenskra útgerðarfyrirtækja aldrei gengið betur en á síðustu árum. Það skýrist að miklu leyti af gengisfalli krónunnar sem á móti jók skuldir greinarinnar verulega. Mikill rekstrarhagnaður hefur hins vegar gert fyrirtækjunum kleift að greiða hratt niður skuldir sínar og hefur eiginfjárstaða greinarinnar tekið stakkaskiptum frá því í árslok 2008. Eiginfjárstaðan var neikvæð um 18% í árslok 2008 en var orðin jákvæð um 19% í árslok 2011. Meðaleiginfjárlutfall greinarinnar frá 1997 til 2007 var 26,8%. Gera má fastlega ráð fyrir að

Eiginfjárlutfall fyrirtækja

Meðaleiginfjárlutfall atvinnugreinaflokka Hagstofunnar á hverju ári.
Fjöldi fyrirtækja á bak við þessar tölur nema á bilinu 25 til 34 þúsund fyrir hvert ár
Heimild: Hagstofa Íslands



eiginfjárstaðan hafi haldið áfram að batna árið 2012 og sé komin nálægt sögulegu meðaltali. Einn mælikvarði á skuldsetningu og getu til fjárfestingar felst í því að bera saman rekstrarhagnað fyrir afskriftir (EBITDA) og langtímaskuldir. Samkvæmt þeim mælikvarða var staðan árið 2011 betri en hún hafði verið frá því á árinu 2002.

Að einhverju leyti hefur fjárfesting í sjávarútvegi á síðustu árum verið minni en fjárfestingargetan hefur gefið tilefni til. Það helgast að hluta til af mikilli og langvinnri óvissu um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu í tíð síðustu ríkisstjórnar sem forsvars-menn sjávarútvegsfyrirtækja voru lengi vel uggandi yfir.

Efnahagur fyrirtækja kominn á nokkuð gott ról

Einn af áhrifaþáttum á þróun atvinnufjárfestingar er eiginfjárstaða fyrirtækja. Verri eiginfjárstaða fyrirtækja dregur að öðru óbreyttu úr vilja lánastofnana til að lána til slíks reksturs enda meiri áhætta fölgin í því en að lána fyrirtæki með betri eiginfjárlöðu. Fyrirtæki með lága eiginfjárlöðu hafa minna veðrými og eru einnig ólíklegrir til að standa skil á öllum lánum sínum en þau fyrirtækji sem hafa hagstæðari efnahags-reikning. Mikil breyting varð á eiginfjárlutfalli íslenskra fyrirtækja milli ársloka 2007 og 2008 og fór eiginfjárlutfalli þeirra, sem hafði verið í kringum

29% á árabilinu 2003 til 2007, niður í 11%. Auknar skuldir samfara gengis-falli krónunnar skýra þetta fall að miklu leyti. Einnig lækkuðu eignir fyrirtækja í verði sem og geta þeirra til að greiða niður lán sín, enda versnaði rekstur verulega vegna minni eftirspurnar í hagkerfinu. Frá árslokum 2008 hefur eiginfjárstaðan styrkt stöðugt og mældist eiginfjárlutfallið um 27% í lok árs 2011.

Með batnandi eiginfjárlöðu hafa skapast stöðugt betri skilyrði fyrir því að atvinnuvegafjárfesting geti farið að komast í eðlilegt horf á ný. Í ljósi þess efnahagsbata sem var á árinu 2012 má gera ráð fyrir að eiginfjárstaða fyrirtækja hafi um síðustu

áramót verið í kringum það hlutfall sem gilt fyrir hrn. Frjór jarðvegur fyrir því að atvinnuvegafjárfesting taki við sér fyrir alvöru á næstu misserum er því til staðar.

Opinber fjárfesting í lágmarki

Áralöngu samdráttarskeiði opinberrar fjárfestingar virðist hafa lokið á þessu ári. Opinber fjárfesting er þó enn lítil eftir að hafa verið í algeru lágmarki á síðustu árum. Mælt á föstu verðlagi var opinber fjárfesting á árinu 2012 55% minni en á árinu 2008.

Opinber fjárfesting var einungis 2% af vergri landsframleiðslu í fyrra, en var 3,9% að meðaltali frá 2000-2008.

Eftir að fyrri ríkisstjórn boðaði fjárfestingaráætlun sína á síðasta ári hefur verið gert ráð fyrir aukningu opinberrar fjárfestingar. Stór verkefni eins og bygging nýs Landspítala hafa einnig

Opinber fjárfesting

Breyting milli ára.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



verið inni í myndinni. Nú hafa stjórnvöld hins vegar slegið áform síðustu ríkisstjórnar nær alveg út af borðinu og bygging spítalans er


ekki inni í myndinni á næstu árum.

Bæði ríki og sveitarfélög drógu álíka mikið úr

fjárfestingum sínum, þó þróunin hafi verið fyrr á ferðinni hjá sveitarfélögum. Fjárfesting sveitarfélaganna hefur verið nokkuð stöðug á

Fjárfesting ríkis og sveitarfélaga

Tölur eftir 2012 er spá Seðlabankans.
Heimild: Seðlabanki Íslands



tímabilinu en aukist lítillega hjá ríkinu.

Eins og áður segir er bygg-

ing nýs Landspítala ekki inni í myndinni á næstunni þannig að Vaðlaheiðargöng eru eina stóra verkefnið sem

opinberir aðilar fást við nú um stundir. Það verkefni er flokkað sem opinber framkvæmd vegna ábyrgðar

ríkisins. Áætlað er að fjárfesting vegna Vaðlaheiðarganga nemí um 14 ma. kr. og að meginþungi verksins falli til á árunum 2014 og 2015.

Sé horft til stöðu opinberra fjármála er ekki að vænta mikillar aukningar á næstu árum. Sveitarfélög eru smám saman að rétta stöðu sína eftir hrunið og staða ríkisfjármálanna er mjög óviss.

Við gerum ráð fyrir því að opinber fjárfesting aukist um 5% á árinu 2014 og 3% á árunum 2015 og 2016. Verður heildarfjárfesting hins opinbera þá um 2% af landsframleiðslu við lok spátímabilsins.


Íbúðafjárfesting enn í lægð

Fjárfesting í íbúðarhúsnaði var mikil á árunum fyrir hun og fór upp í tæplega 7% af landsframleiðslu á árinu 2007. Íbúðafjárfestingin lækkaði svo verulega að raungildi á árunum 2008-2010 og fór þá niður í 2,3% af landsframleiðslu. Þróunin síðan þá hefur verið eilitið upp á við. Fjárfesting í íbúðarhúsnaði jókst um 5,4% á árinu 2011 og 6,9% á árinu 2012 og var þá um 2,6% af landsframleiðslu.

Spár um íbúðafjárfestingu eru vandasamar og oft hafa þær á síðustu árum reynst of bjartsýnar. T.d. spáði Seðlabankinn 30% aukningu í ágúst á þessu ári en lækkaði spána í 20% í nóvember. Húsnædis- og byggingamarkaðurinn varð einna verst úti í fjármálakreppunni og er enn nokkuð í land með að eðlilegt ástand skapist. Kaupgeta stórra hópa, einkum yngra fólks, er lítil og margar fjöldskýldur hafa verið í læstri stöðu vegna ýmissa afleiðinga kreppunnar, t.d. vegna neikvæðrar eiginfjárvöldu. Ýmsar breytingar eru þó merkjanlegar á markaðnum, t.d. aukinn áhugi fjárfesta á íbúðarhúsnaði, m.a. til útleigu. Leigumarkaður stækkaði töluvert strax í kjölfar kreppunnar, en virðist

Íbúðafjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu

Tölur eftir 2012 eru spá Hagfræðideilda.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.



ekki hafa vaxið að neinu ráði eftir það.

Íbúðafjárfesting á árinu 2012 nam um 45 ma.kr. Ætla má að viðhald nemi a.m.k. 40% þeirrar upphæðar. Fjárfesting í nýbyggingum svarar því, lauslega reiknað, til byggingarkostnaðar um það bil 600 120 m² íbúða. Mikið er talað um byggingarverkefni en nánari athugun leiðir í ljós að að ólíklegt sé að aukning á íbúðafjárfestingu verði jafn mikil á þessu ári og spáð hefur verið.

verð og litla kaupgetu yngri kaupenda sem skýringu á litlum áhuga.

Eins og oft áður eru upplýsingar um íbúðafjárfestingu misvísandi. Oft er vísað til sölauaukingar í byggingarverkefni en nánari athugun leiðir í ljós að að ólíklegt sé að aukning á íbúðafjárfestingu verði jafn mikil á þessu ári og spáð hefur verið. Við reiknum þó með því að íbúðafjárfesting aukist um 10% á árinu 2013, um 15% á árunum 2014 og 2015 og 10% á árinu 2016. Vitað er að fjöldi verkefna er í undirbúningi og þorri þeirra mun eflaust fara af stað á næstu misserum. Þróun íbúðafjárfestigar verður þó háð

þýmsum öðrum þáttum eins og möguleikum á fjármögnum og kostnaði við hana.

Hlutfall íbúðafjárfestigar af landsframleiðslu verður því 4,4% á árinu 2016 sem er nokkuð undir meðaltali síðustu 30 ára.

Þróun fasteignaverðs


Fasteignaverð á Íslandi hækkaði mikið á milli áranna 2004 og 2008, m.a. vegna innkomu bankanna á fasteignalánamarkað. Við hrung fjármálakerfisins lækkaði nafnverð fasteigna um 12,5% frá miðju ári 2008 til loka 2009.

Frá þeim tíma hefur verð fasteigna hækkað tölувart eða um 24,5% fram til október 2013. Vegna mikillar verðbólgu á Íslandi gefur betri mynd að skoða raunverð fasteigna. Það fél um 39% frá því að það náði hámarki í október 2007 og náði botni í apríl 2010. Síðan þá hefur raunverð fasteigna hækkað hægt og er nú um 9,4% hærra en það var í apríl 2010.

Í þjóðhagsspá Hagfræðideildar haustið 2011 voru settar fram vangaveltur um væntanlega þróun fasteignaverðs. Litið var til nágrennaþjóða okkar sem gengið höfðu í gegnum fjármálakreppu í kringum 1990, Svíþjóðar og Finnlands, og þróun húsnæðisverðs í höfuðborgum landanna skoðað. Til þess að gefa mynd af ástandinu á húsnæðismarkaði var hápunktur raunverðs húsnæðis á höfuðborgar-

Nafn- og raunverð íbúða á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Þjóðskrá, Hagstofa Íslands



svæðinu hér færður til jafns við hápunkt húsnæðisverðs í Stokkhólmi og Helsinki. Þróun húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu fylgir enn sem komið er þeirri þróun sem átti sér stað í Stokkhólmi en þar var raunverð nokkuð stöðugt í 4 ár eftir að hafa náð lág-

marki. Raunverð hefur nú verið nokkuð stöðugt í rúm 4 ár á Íslandi þegar þetta er skrifað. Það tók níu ár áður en raunverð í Svíþjóð náði fyrra hágildi sínu, sama þróun tók 15 ár í Finnlandi.

Spá Hagfræðideildar um húsnæðisverð frá 2011 gekk


eftir í stórum dráttum. Nú í lok árs 2013 hefur þróunin verið keimlíc þeirri sem átti sér stað á Norðurlöndunum eftir 1990. Hins vegar er ekki búist við því að fasteignaverð hækki jafn hratt og gerðist í samanburðarlöndunum. Húsnæðisverð hækkaði hratt þar upp úr

Rauverð íbúða -Reykjavík, Stokkhólmur og Helsinki

Heimild: Þjóðskrá, Hagstofa Íslands, Statistics Finland,
Statistics Sweden, Hagfræðideild Landsbankans

Vísitala: 1990 = 100

250




Rauverð íbúða -Prón frá lægstu gildum eftir kreppu og spá

Heimild: Þjóðskrá, Hagstofa Íslands, Statistics Finland,
Statistics Sweden, Hagfræðideild Landsbankans

Vísitala: 1994 = 100

260



miðju ári 1997, á svipuðum tíma og netbólán bólgnædi út. Sú prónun hefur eflaust haft mikil áhrif á húsnaðisverði.

Ef litið er á prónuna í Helsinki og Stokkhólmum frá því verð var lægst, ætti íbúðaverð hér á landi að

byrja að hækka fljótega verði þróunin með sama hætti og þar var. Ef litið er til þess þegar verð var hæst, má reikna með lítt breyttu rauverði í 1½ ár til viðbótar. Auðvitað er þó ekki hægt að setja samasemmerki á milli þessara landa, kreppurnar eru ólíkar og aðstæður

að öðru leyti ekki að fullu sambærilegar.

Til þess að veruleg hækkan verði á fasteignaverði þurfa að koma til utanaðkomandi hvatar. Til dæmis þurfa þeir sem kaupa í fyrsta sinn að eiga kost á auðveldari lánsfármögnun, óvenju mikil

kaupmáttaraukning þarf að verða á spátímanum eða skortur á húsnaði. Þá myndi aukning á nýbyggðu söluvænlegu húsnaði verða til að draga verð á notuðu húsnaði upp á við. Á komandi misserum má því búast við að kaupmáttaraukning ráði mestu um raunhækkan húsnaðisverðs.

Samkvæmt spánni mun húsnaðisverð vera að meðaltali um 5,2% hærra árið 2014 en 2013. Á árinu 2015 er búist við áframaldandi hægri rauverðsaukningu og er gert ráð fyrir 2,5% hækkan milli ársmeðaltala það ár. Árið 2016 er búist við því að aftur dragi úr hagvexti og einnig að þá hægi á hækjun húsnaðisverðs, árshækjunin verði það ár 1,8%. Rauverð húsnaðis verður þá orðið 16,7% hærra en það var lægst í apríl 2010. Heildar rauverðshækkinin á spátímabilinu frá lokum 2013 verður um 9%.

5. Óverulegt framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar á næstu árum

Gert er ráð fyrir riflega 4% vexti útflutnings á þessu ári og markast hann að verulegu leyti af vexti í þjónustuútflutningi sem aftur má rekja til mikils vaxtar í ferðapjónustu.

Á næstu árum er gert ráð fyrir því að draga muni úr vexti útflutnings. Hann verður 2,9% á næsta ári en á bilinu 1,8 til 2,1% árin 2015 og 2016 og að mestu leyti borinn uppi af áfram-haldandi vexti íslenskrar ferðapjónustu.

Útlit er fyrir að innflutningur dragist saman á þessu ári. Það helgast einna helst af miklum innflutningi skipa og flugvéla í fyrra. Á næsta ári er gert ráð fyrir 1,2% vexti innflutnings en árið 2015 verður vöxturinn nokkuð meiri eða 3,6%. Vöxt innflutnings áranna 2014 til 2016 má skýra að langmestu leyti með vexti í almennum þjónustu- og vöruinnflutningi. Áhrif kísilversins á Bakka verða til þess að auka vöxt innflutnings árið 2015 en draga úr vextinum árið eftir.


Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar verður í heild fremur lítið á spátmabilinu. Yfirstandandi ár er þó undantekning þar sem framlag

utanríkisviðskipta skýrir verulega stóran hluta þess hagvaxtar sem spáð er. Á næsta ári munu utanríkisviðskiptin skýra tæpan þriðjung

af 2,9% hagvexti. Samanlagt framlag utanríkisviðskipta árin 2015 og 2016 verður hins vegar neikvætt en áhrifin verða þó lítil.


Vöxtur útflutnings og framlag undirliða

Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Vöxtur innflutnings og framlag undirliða

Heimild: Hagfræðideild Landsbankans




Vöruskiptaafgangur gefur eftir

Undirliggjandi vöruskiptaafgangur (þ.e. án skipa og flugvél) hefur haldið áfram að dragast saman á þessu ári. Á fyrstu níu mánuðum ársins nam afgangur af undirliggjandi vöruskiptum 47,5 ma.kr. en í fyrra var hann 72,1 ma.kr. Samsvarandi upphæð fyrir árin 2010 og 2011 er 84,6 ma.kr. og 78,3 ma.kr. Þessi þróun er nokkurt áhyggjuefni þar sem minni afgangur þrýstir á gengi krónunnar til lækkunar.

Minni undirliggjandi vöruskiptaafgangur á fyrstu níu mánuðum þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra skýrist bæði af minni útflutningi og meiri innflutningi en í fyrra. Hið síðarnefnda vegur þó ógn

Uppsafnaður undirliggjandi vöruskiptaafgangur

Undirliggjandi vöruskiptaafgangur er hér skilgreindur sem vöruskiptaafgangur án inn- og útflutnings skipa og flugvélá
Heimild: Hagstofa Íslands



þyngra. Útflutningur dróst saman um 11 ma.kr. en það skýrist að miklu leyti af minni útflutningi iðnaðarvara. Þó ber þess að geta að verðmæti álútfutnings, sem þarna fellur undir, minnkaði

einungis um 2,6 ma.kr. milli ára. Sú lækkun skýrir fremur lítinn hluta af samdrætti í útflutningi iðnaðarvara. Innflutningur jókst um 13,6 ma.kr., þar ræður mestu innflutningur fjárfestingarvara

án flutningatækja en sá liður hækkaði um 10 ma.kr. milli ára.

Mikill innflutningur var á skipum og flugvélum í fyrra og lækkaði verðmæti hans

Vöruskiptaafgangur

Vöruskiptaafgangur fyrstu níu mánuði hvers árs.
Heimild: Hagstofa Íslands

Ma.kr.

100

90

80

70

60

50

40

30

20

10

0



Utanríkisviðskipti með þjónustu

Fyrri helmingur hvers árs.
Heimild: Hagstofa Íslands

Ma.kr.

200

180

160

140

120

100

Ma. kr.

25

20

15

10

5

0



úr 29,5 ma.kr. í fyrra í 4,4 ma.kr. á þessu ári m.v. fyrstu níu mánuði ársins. Töluvert minni breytingar urðu á útflutningi skipa og flugvéla á sama tíma en útflutningurinn nam 6,3 ma.kr. á þessu

ári til samanburðar við 1,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Heildarvöruskiptaafgangurinn á fyrstu níu mánuðum ársins nam því 44,7 ma.kr. til samanburðar við 48,9 ma.kr. á sama tímabili


í fyrra. Þessar tölur eru þó báðar mun lægri en fyrir árin 2010 og 2011 en þá lágu þær á bilinu 81 til 88 ma.kr.

Metafgangur af þjónustuvíðskiptum á fyrrri árshelmingi

Þjónustuafgangurinn hefur, öfugt við vöruskiptaafganginn, aukist töluvert milli ára og hefur aldrei mælst jafn mikill eins og á fyrstu tveimur fjórðungum ársins. Afgangurinn nam tæpum 20 ma.kr. til samanburðar við 2 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Meiri afgangur skyrist að miklu leyti af vexti ferðaþjónustunnar milli ára en vöxtur í útflutningi ferðalaga jókst um 7,6 ma.kr. Útflutningur samgangna sem innihalda m.a. farþegaflutninga með flugi, sem aftur tilheyrir ferðaþjónustu, jókst um 4,4 ma.kr. milli ára. Minni innflutningur hafði einnig áhrif til meiri afgangs en í fyrra en innflutningur á annarri þjónustu en ferðalögum og

Vöxtur ferðalaga og erlend kortavelta

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



samgöngum dróst saman um 7,2 ma.kr.

Mikill vöxtur þjónustuútflutnings skýrist nær eingöngu af vexti ferðaþjónustu

Vöxtur þjónustuútflutnings hefur verið tölverður á síðustu árum en á föstu gengi hefur vöxturinn numið samtals 30% frá 2009 til 2012. Í upphæðum talið á gengi ársins 2012 hefur útflutningurinn aukist um 87 ma.kr. Nær allan þann vöxt eða 98% má skýra annars vegar með vexti á liðnum „ferðaþjónustu“ og hins vegar liðnum „farþegaflutningar með flugi“ sem er liður sem má flokka undir ferðaþjónustu í viðum skilningi. Nánar er fjallað um vöxt íslenskrar ferðaþjónustu í rammagrein.

Almennur innflutningur er enn minni en fyrir hrun

Verulega dró úr almennum innflutningi í kjölfar gengisfallsins 2008. Innflutningur ýmissa vöruflokka, mælt á föstu gengi, hefur enn ekki náð því stigi sem hann var fyrir hrun. Heildarinnflutningur án skipa og flugvéla var á síðasta ári fjórðungi lægri en árið 2007. Þó að innflutningur matvara sé kominn á það stig sem tíðkaðist fyrir hrun er innflutningur varanlegra, hálfvaranlegra og óvaranlegra neysluvara í öllum tilfellum nokkuð lægri en árið 2007. Hann hefur þó farið vaxandi á síðustu árum. Innflutningur fólksbíla hefur aukist töluvert en er enn helmingi minni en var á árunum 2005-2007.

Innflutningur þjónustu vaxið tölувert


Innflutningur þjónustu hefur vaxið um tæp 40% milli áranna 2009 og 2012. Þeir undirlíðir sem mest hafa lagt til vaxtarins eru ferðaþjónusta, samgöngur og önnur viðskiptaþjónusta, en undir hana falla t.d. rekstrarleiga og ýmis viðskipta- og tæknipjónusta, s.s. lögfræði- og endurskoðunarþjónusta annars vegar og viðskipta- og stjórnunarráðgjöf og almannatengsl hins vegar.

Vöxtur í innflutningi þjónustu milli ára hefur í heild aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Innflutningur á þjónustu jókst um 16% milli áranna 2011 og 2012 til samanburðar við 12% milli áranna 2010 og 2011. Próunin á fyrri helmingi ársins virðist hins vegar

benda sterklega til þess að hægja kunni á vextinum á næstu misserum, en innflutningur á þjónustu dróst saman um 5% á fyrri hluta ársins. Til samanburðar jókst hann um 22% á fyrri hluta árs 2012 miðað við sama tímabil árið áður. Verðmæti liðarins „ferðalög“ jókst um 3% á fyrri árshelmingi borið saman við sama tímabil í fyrra. Þessi vöxtur hefur legið á bilinu 14,7 til 15,9% síðustu 3 ár þar á undan. Kortavelta Íslendinga erlendis sýnir svipaða þróun, en hægt hefur nokkuð á vexti hennar á síðustu misserum. Heilt yfir má gera ráð fyrir að vöxtur innflutnings verði viðvarandi á næstu árum en um leið að hann verði ívið minni en verið hefur

Vöxtur útflutnings

Sýnir hlutfall þeirra vörur/bjónustuflokka sem vaxa milli samliggjandi ára. Tölur Hagstofunnar fyrir bjónustu ná aftur til ársins 2009 og því er fyrsta árið breyting milli 2009 og 2010. Heimild: Hagstofa Íslands



Bætt samkeppnisstaða hefur haft verulega takmörkuð áhrif á almennan vörúútflutning ...

Almennur vöroruútflutningur frá landinu hefur enn ekki tekið við sér að neinu ráði þrátt fyrir að 5 ár séu liðin frá hrundi. Með gengisfallinu breyttist samkeppnisstaða íslensks útflutnings verulega til hins betra og því mátti búast við að almennur útflutningur myndi vaxa nokkuð. Sé samkeppnis-hæfnin sett á mælikvarða raungengis sést að það var á árabilinu 2009-2012 að meðaltali rúmlega fjórðungi lægra en á árabilinu 2005-2008. Svo mikil breyting á raungengi hefði að öðru óbreyttu átt að leiða til vaxtar í almennum útflutning en reyndin er önnur.

Fyrir utan einstaka vöruflokka, ál, sjávarafurðir og ferðaþjónustu er ekki að sjá að bætt samkeppnisstaða hafi haft nein teljandi áhrif á almennan útflutning frá landinu. Nákvæmasta flokkun Hagstofunnar á þeim vörum sem fluttar eru út frá landinu er svokölluð STIC-flokkun, samtals 247 flokkar. Á föstu gengi var útflutningur í 55% þessara flokka meiri árið 2012 en árið 2007. Í tæplega helmingi flokkanna var útflutningur því minni og verður það að teljast nokkuð hátt hlutfall í ljósi þess hve samkeppnisstaðan batnaði mikið. Sé litið til magns í tonnum hefur staðan versnað verulega á fyrrnefndu árbili. Þannig jókst útflutningur í tonnum talið í einungis 18% vöruflokka en dróst saman í 82% flokka.

... en mikil áhrif á bjónustuútflutning

Þróun í almennum bjónustuútflutningi virðist hins vegar hafa verið með öðrum og jákvæðari hætti en í almennum vöroruútflutningi. Í 69% af bjónustuflokum var útflutningur meiri árið 2012 en árið 2009 en tölur Hagstofunnar ná ekki lengra aftur en til ársins 2009.

Mörg útflutningsfyrirtæki hugsanlega of smá

Skýringar á því hvers vegna útflutningur hefur almennt ekki tekið við sér blasa ekki beinlínis við. Margir vöruflokkar sem fluttir eru út eru smáir í sniðum og breytingar milli ára að því er virðist tilviljanakenndar. Þannig sveiflast útflutningur á mörgum vöruflokum oft tölувert milli ára án þess að sýna sérstaka leitni til vaxtar eða samdráttar yfir tíma.

Smæðin setur uppganginum töluberðar skorður og kann að skýra hvers vegna annar útflutningur frá landinu en álframleiðsla, sjávarafurðir og ferðaþjónusta hefur vaxið jafn lítið og raun ber vitni. Smæðin hefur þau áhrif að erfíðara er að stofna til langtímvakiðskiptasambanda við stóra aðila þar sem slíkir aðilar þurfa oft meira magn en smá fyrirtæki geta framleitt. Eins dregur smæðin úr slagkrafti í sókn á erlenda markaði og erfíðara og hlutfallslega dýrrara er fyrir smærri fyrirtæki en stærri að koma sér á framfæri erlendis. Skortur á stærðarhagkvæmni dregur einnig úr möguleikum til þróunar og fjárfestinga og erfíðara


verður fyrir fyrirtæki að sérhæfa sig. Minni sérhæfing leiðir síðan til framleiðslu einsleitari vöru á hörðum samkeppnismarkaði. Framleiðsla á einsleitri vöru skilar því oft lægri arðsemi og hún er viðkvæmari fyrir áföllum en sérhæfðari rekstur.

Íslenskur útflutningur verður áfram fábrotinn

Íslenskur útflutningur er fábrotinn samanborið við mörg önnur lönd. Meginútflutningsafurðir landsins eru einungis þrjár; álframleiðsla, sjávarafurðir og ferðaþjónusta. Á síðustu árum hefur vægi þeirra vaxið fremur en minnkað. Telja má líklegt að með áframhaldandi vexti íslenskrar ferðaþjónustu muni samanlagt vægi þeirra vaxa fremur en minnka á næstu árum. Ljóst er að ruðningsáhrif þessara þriggja greina

Útflutningur og stoðirnar þrjár

Heimild: Hagstofa Íslands



er mikil og það á sinn þátt í fábreytni íslensks útflutnings. Fábreytni útflutnings er sammerkt mörgum auðlindaríkum þjóðum því vaxtarmöguleikar annarra

greina en þeirra sem tengjast auðlindinni verða oft takmarkaðir við þær aðstæður. Þessu til viðbótar hefur fámennið og smæðin þau áhrif að stærðarhagkvæmni

er af skornum skammti sem dregur úr möguleikum til vaxtar.

Þjóðhagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar mun aukast verulega á næstu árum

Vöxtur íslenskrar ferðaþjónustu hefur verið mikill á síðustu árum og samfara því hefur þjóðhagslegt mikilvægi greinarinnar aukist hratt. Ferðaþjónustan stóð lengi vel í skugganum af meginútflutningsstoðunum tveimur, áli og sjávarútvegi.

Sú staða hefur breyst og í dag má segja að ferðaþjónustan standi a.m.k. jafnfætis hinum tveimur. Þjóðhagslegt mikilvægi hennar er því orðið verulegt og mun aukast frekar á næstu árum.


Ferðaþjónustan fram úr álinu 2012

Ferðaþjónusta og það sem undir hana heyrir er skipt í tvennt í þjónustuflokkun Hagstofunnar. Þessir liðir eru annars vegar farþegaflutningar með flugi, sem falla undir flugsamgöngur, og hins vegar ferðaþjónusta, en undir hana falla hvers kyns ferðir, s.s. viðskiptaferðir og einkaferðir. Til einföldunar eru þessir tveir liðir sameinaðir í einn lið sem nefnist ferðaþjónusta í umfjölluninni hér að neðan. Þessi liður skilaði um 240 ma.kr. útflutningstekjum á árinu 2012.

Útflutningstekjur stoðanna þriggja

Hlutfall af heildarútflutningi þessara þriggja greina. Ferðaþjónusta er hér skilgreind sem farþegaflutningar með flugi og ferðaþjónusta. *Spá fyrir árið 2013.

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðileild Landsbankans



Til samanburðar námu útflutningstekjur sjávarútvegs 269 ma.kr. og álframleiðslufyrtækja 225 ma.kr. Rúmur helmingur útflutningstekna ferðaþjónustunnar, þ.e. þessara 240 ma.kr., kemur frá farþegaflutningum með flugi.

Ferðaþjónustan stærsta útflutningsgreinin á þessu ári

Á fyrstu níu mánuðum ársins fóru 19% fleiri erlendir gestir um Leifs-

stöð en á sama tímabili í fyrra. Ef gert er ráð fyrir að ferðaþjónusta vaxi með sama hlutfalli yfir árið í heild og að meðalútflutningur áls og sjávarútvegs fyrstu níu mánuði ársins verði með sama hætti síðustu þrjá mánuði


ársins munu útflutnings-tekjur ferðaþjónustu – yfir árið í heild - verða meiri en bæði útflutningstekjur sjávarútvegs og áls. Það mun þá verða í fyrsta skiptið sem það gerist að ferðaþjónustan sé leiðandi þáttur í gjald-eyrisöflun í samanburði við ál og sjávarútveg. Inn-byrðis hlutföll verða þá 37% (ferðaþjónusta), 35% (sjávar-útvegur) og 28% (ál).

Meiri vöxtur ferðaþjónustu

Útflutningstekjur ferðaþjónustu hafa aukist mun meira á síðustu árum en útflutningstekjur sjávarútvegs og áls. Frá 2009 til 2012 hefur ferðaþjónusta vaxið um 54% en á sama tíma hefur útflutningur sjávarafurða aukist um 29% og áls um 32%. Sé skoðuð breyting eftir magni kemur í ljós að álframleiðsla hefur nærr ekkert breyst á tímabilinu og veitt magn hefur aukist lítið. Magn ferðamanna hingað til lands hefur hins vegar aukist verulega. Þannig jókst heildarfjöldi erlendra ferðamanna um Leifsstöð um 39% á þessu tímabili.

Viðbótarútflutningstekjur ferðaþjónustu

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Árið 2012 er notað sem grunnár og viðbótarútflutningstekjur hvers árs eru tekjur umfram tekjur ársins 2012. Um er að ræða hlutfall viðbótarútflutningstekjurum af erlendum lánum annarra en ríkissjóðs og Seðlabankans.

Árlegar útflutningstekjur ferðaþjónustu gætu aukist um 150 ma.kr. á fjórum árum

Hagfræðideild gerir ráð fyrir að vöxtur ferðamanna hingað til lands verði um 19% fyrir þetta ár, 15% á næsta ári og 10% árið 2015. Frá og með 2016 er gert ráð fyrir að komur ferðamanna hingað til lands leiti aftur í sögu- legan vöxt á árunum 2003-2012, eða 8,6%. Útflutnings- tekjur greinarinnar munu

þess vegna taka verulega stór stökk á næstu árum, mælt í ma.kr., og mikilvægi greinarinnar fyrir þjóðarhag eykst verulega. Ef horft er á árið 2012 sem grunnár þegar útflutningstekjur ferðaþjónustunnar námu 239 ma.kr. verða tekjurnar 46 ma.kr. meiri á þessu ári, 89 ma.kr. meiri árið 2014 og 121 ma.kr. meiri árið 2015. Á lokaári spáttímabilsins verða tekjurnar 392 ma.kr. eða 152 ma.kr. meiri en árið 2012. Til að setja þessa aukningu í samhengi við mikilvæga

hagstærð munu áætlaðar afborganir af erlendum lánum annarra en ríkissjóðs og seðlabankans nema um 134 ma.kr. árið 2016. Aukið gjaldeyrissinnstreymi vegna ferðaþjónustunnar eingöngu mun því verða umfram afborganir erlendra lána árið 2016.

6. Ríkisfjármál – mjög erfið staða


Óvissan sem umlykur fjárlagafrumvarpið og rekstur ríkisins
hefur sjaldan verið meiri. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2014
var lagt fram með afgangi. Mikil umræða hefur verið um ríkis-
fjármálin í kjölfarið og vísar hún í báðar áttir; bæði hefur verið
dregið í land hvað boðaðar aðhaldsaðgerðir varðar og einnig
gefnar væntingar um mikið aðhald og niðurskurð.

Í ljósi þessa má ætla að talsverðar breytingar verði á einstökum liðum frumvarpsins. Í stuttu máli má segja að þau markmið sem sett hafa verið um árangur í ríkisfjármálum á síðustu árum hafi ekki náðst. Niðurstaðan fyrir árið 2012 var t.a.m. mun verri en stefnt var að. Fjárlöginn fyrir 2012 gerði ráð fyrir 21 ma.kr. halla, en endanleg niðurstaða var halli upp á 36 ma.kr.

Fjárlagafrumvarp ársins 2013 var samið og lagt fram við aðstæður þar sem bjartsýni um tiltölulega vænlega hagþróun fór vaxandi. Stjórnvöld töldu frumvarpið sýna að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum hefði skilað markverðum árangri og var það samþykkt með tæplega 4 ma.kr. halla. Síðan hefur

Leiðin að endanlegri rekstrarniðurstöðu - 2012

Heimild: Fjársýsla ríkisins,
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



komið í ljós að væntingar um hagstæða efnahagsþróun stóðust ekki. Almenn áform um tekjuöflun hafa því ekki verið í takt við væntingar


auk þess sem sumir áætlaðir tekjupóstar eins og veiðigjald, eignasala og arður hafa ekki gefið þær tekjur sem stefnt var að. Þessu til viðbótar

hefur einnig orðið nokkur eftirgjöf hvað útgjöld varðar. Ljóst virðist að hallinn á árinu 2013 verður a.m.k. 30 ma.kr. og munu fyrstu merki

Áætlanir um uppsafnaðan bata í frumjöfnuði

Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið,
Séðlabanki Íslands

% af VLF



Tekjur ríkissjóðs - hlutfall af VLF

Tölur fyrir 2013-2017 eru áætlanir fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
Heimild: Hagstofa Íslands, Fjárlagafrumvarpið,
Hagfræðideild Landsbankans

%

40

35

30

25

20

15

2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015 2016 2017

Heildartekjur

Skatttekjur

um stöðuna koma í ljós þegar frumvarp til fjáraukalaga verður lagt fram.

Markmið efnahags-áætlunar stjórnvalda

Aukin festa var í stefnumörk-

un í ríkisfármálum þegar efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) var í gildi. Í upphafi gerði áætlunin ráð fyrir að uppsafnaður bati á frumjöfnuði í rekstri ríkisins yrði 16% af landsframleiðslu á árabilinu 2009-2013. Smám

saman var slakað á þessu markmiði, bæði með beinum ákvörðunum og einnig með minna aðhaldi. Nú stefnir í að uppsafnaður bati á frumjöfnuði muni aðeins verða um 8% af landsframleiðslu á þessu tímabili í stað 16% markmiðsins.

Fjárlagafrumvarp ársins 2014


Ný ríkisstjórn lagði fram frumvarp að fjárlögum nú í haust sem gerir ráð fyrir tekjuafgangi. Reyndar byggir sá afgangur að miklu leyti á tveimur stærðum sem hafa verið nokkuð umdeildar. Annars vegar var um að ræða endurskoðun skilmála skuldabréfs sem ríkissjóður lagði inn í Séðlabanka Íslands til þess að styrkja eiginfjárfstöðu hans á árinu 2008. Sú endurskoðun felur í sér lækkun fjármagnsgjaldal upp á tæpa 11 ma.kr. Þá er einnig áfomað að sérstakur bankaskattur muni ná til banka í slitameðferð sem mun auka tekjur um rúma 11 ma.kr. Þar er auðvitað ekki um langtímatekjuöflun að ræða. Þessir tveir liðir skipta sköpum í frumvarpinu og nema 3,7% af áætluðum tekjum ársins 2014.

Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu var gengið út frá því að afkoma á greiðslugrunni yrði neikvæð um u.p.b. 10 ma.kr. Ekki var ætlunin að brúa þann greiðsluhalla með aukinni lántöku, heldur með því að ganga á innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands.

Mikil gerjun hefur verið í allri umfjöllun um fjárlagafrumvarpið og ríkisfármálin eftir að frumvarpið var lagt fram. Ýmsir ráðherrar hafa þannig dregið eitthvað í land hvað varðar boðaðar að-haldaðgerðir í frumvarpinu, t.d. hvað heilbrigðismálin varðar. Framlagning frumvarpsins fór augljóslega fram í skugga af starfi hagræðingaráhóps ríkisstjórnarinnar sem starfað hefur síðustu mánuði. Því má segja að ljóst hafi verið allan tímann að fjárlagafrumvarpið væri að þessu sinni ómarkvissara

Afkoma ríkissjóðs - hlutfall af VLF

Tölur fyrir 2013-2017 eru áætlunar fjármála- og efnahagsráðuneyttisins.
Heimild: Hagstofa Íslands, Fjárlagafrumvarpið,
Hagfræðideild Landsbankans



en reyndin jafnan er og að ný ríkisstjórn bæði þyrti og ætlaði sér meiri tíma til þess að vinna að markmiðum sínum og koma þeim á framfæri.


Tillögur hagræðingaráhóps

Fyrstu tillögur hagræðingaráhóps ríkisstjórnarinnar um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri voru lagðar fram í fyrrí

hluta nóvember. Ekki er um markvissa tillöguggerð að ræða heldur safn hugmynda í 111 liðum sem ætla má að unnið verði nánar úr á næstu vikum. Skipun formanns hópsins sem sérstaks aðstoðarmanns forsætisráðherra er varla hægt að skoða öðruvísí


Tekjujöfnuður í fjáreiðum ríkisins

Heimild: Fjársýsla ríkisins,
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Vaxtagjöld sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs

Tölur fyrir 2013 byggja á fjárlögum og áætlaðri landsframleiðslu.
Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið



en að tillögur hópsins muni vega þungt í áframhaldandi starfi við fjárlög ársins 2014 og mótnun framtíðarstefnu í ríkisfjármálum. Í ljósi alls þessa má e.t.v. vænta þess að aðhald í ríkisfjármálum verði aukið á næstunni og fari í sama farveg og var meðan

efnahagsáætlun AGS og íslenskra stjórvalda var í gildi.

Framtíðarsýnin hvarf – en kemur líklega aftur

Sú breyting varð í fjárlagafrumvarpinu að þessu sinni

að markmið og stefnumörkun stjórvalda í ríkisfjármálum næstu fjögurra ára voru ekki sjáanleg. Einungis var um einfaldan framreikning að ræða. Eflaust gildir það sama um þetta og frumvarpið sjálft, stefnumörkun væri ekki lokið og

meiri tíma þyrfti til. Þess er því að vænta að slík stefna liggi fyrir þegar fjárlög verða samþykkt, enda mikilvægt að langtímaáætlun í ríkisfjármálum liggi fyrir hverju sinni.

Háleit markmið, en grýtt leið

Hallalaust frumvarp til fjárlaga segir ekki alla söguna. Leiðin frá frumvarpi til fjárlaga, til fjáraukalaga og svo til ríkisreiknings er stundum önnur en haldið var. Ríkisfjármálin árið 2012 sýna þetta vandamál í hnottskurn. Frumvarpið gerði ráð fyrir 18 ma. kr. halla. Fjárlögini voru samþykkt með 21 ma.kr. halla, fjáraukalög juku hallann upp í 26 ma. kr. og endanleg niðurstaða var halli upp á 36 ma. kr.


Sagan og reynsla síðustu ára bendir því ekki til þess að niðurstaða rekstrar ríkisins á árinu 2014 verði jákvæð, nema agi við fjármálastjórn verði stóraukinn. Nú liggur fyrir að stefnt er að því að bæta umgjörð ríkisfjármála á næstu misserum, m.a. með framlagningu frumvarps sem ætlað er að skapa fjárlagavinnunni og eftirfylgni hennar betri umgjörð. Ekki er vanþörf á grundvallarbreytingu strax í meðferð ríkisfjármála ef markmið um hallalausan rekstur á árinu 2014 eiga að nást.

Skuldastaðan enn mjög erfið

Langvarandi hallarekstri ríkissjóðs hefur fylgt mikil skuldasöfnun. Samkvæmt ríkisreikningi voru skuldir

Skuldir hins opinbera sem hlutfall af VLF

Tölur eftir 2012 eru spár Seðlabankans.
Heimild: Fjármála- og efnahagsráðun,
Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.




ríkisins án lífeyrisskuld-bindinga um síðustu áramót um 1.560 ma.kr. sem nemur um 92% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Þessar skuldir höfðu aukist lítillega í krónum talið frá árinu áður. Heildarskuldir hins opinbera án lífeyrisskuldbindinga og

viðskiptaskulda voru tæpir 1.650 ma.kr. um síðustu áramót sem nemur um 97% af landsframleiðslu ársins. Skuldastaða ríkisins miðað við þessa stærð fór hæst í tæp 100% af landsframleiðslu á árinu 2011.

Í ljósi fjárlagafrumvarpsins má ætla að niðurgreiðsla skulda ríkisins muni ganga hægar fyrir sig en ætlað var. Skuldir ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu náðu hámarki á árinu 2011 og í fjárlagafrumvarpinu er stefnt að því að skuldir verði

Árleg breyting samneyslu

Tölur eftir 2012 eru spá Hagfræðideilda.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



komnar niður í 70% af landsframleiðslu á árinu 2017. Spá Seðlabanka Íslands gerir ráð fyrir að skuldur verði komnar niður í 85% af landsframleiðslu í lok ársins 2016.

Þróun skulda og niðurgreiðslu þeirra er auðvitað háð sömu óvissu og gildir um fjármál ríkisins almennt á þessu stigi málsins.

Vaxtabyrðin áfram mikil

Þrátt fyrir að kjör á markaði séu með allra hagstæðasta móti um þessar mundir í skjóli fjármagnshafta er greiðslubyrði vegna fjármagnskostnaðar verulega íþyngjandi fyrir ríkissjóð. Vaxtabyrði nam minna en 5% af tekjum ríkissjóðs á árunum fyrir hrun, en er nú um 14%. Vaxtagjöld á árinu 2012 voru samkvæmt ríkisreikn-

ingi um 75 ma.kr. og höfðu aukist um rúma 10 milljarða frá árinu áður. Í fjárlögum ársins 2013 var gert ráð fyrir vaxtagjöldum upp á u.p.b. 85 ma.kr. Til samanburðar má benda á að í fjárlögum ársins 2013 veitir ríkið um 42 ma.kr. til reksturs Landspítalans. Vaxtakostnaður ársins 2013 nemur því tvöföldum rekstrarkostnaði spítalans.

Erfið verkefni bíða enn úrlausnar

Öll umfjöllun um opinber fjármál, t.d. skuldastöðu hins opinbera, fer fram í skugga mikilla lífeyrisskuldbindinga sem bæði ríki og sveitarfélög standa frammi fyrir. Lífeyrisskuldbindingar hins opinbera námu um 440 ma. kr. í lok ársins 2012 sem nemur rúmum fjórðungi landsframleiðslunnar. Það

er ljóst að á næstu árum þarf að taka á þessari stöðu sem mun íþyngja fjármálum hins opinbera verulega.

Hvað ríkissjóð varðar er ljóst að fjárhagslegur vandi vegna Íbúðalánasjóðs er verulegur. Á þessu ári veitti ríkið sjóðnum 13 ma. kr. eiginfjárframlag sem ekki hefur enn verið fært á rekstrarreikning. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 er gert ráð fyrir 4,5 ma.kr. rekstrarframlagi til sjóðsins og gert er ráð fyrir álíka framlagi á hverju ári til 2017. Líklegt er að fjárbörf sjóðsins sé mun meiri en þessum upphæðum nemur og sé svo, leggist enn þyngri byrðar á ríkissjóð á næstu árum.

Samneyslan vex hægt

Samneyslan, eða rekstur hins opinbera, samanstendur

af ríkissjóði, sveitarfélögum og almannatryggingum. Samneyslan hefur dregist mikið saman á síðustu árum, eða um tæp 7% á árunum 2008-2012. Framlag samneyslunnar til hagvaxtar hefur því verið neikvætt á þessum tíma, en fram að þeim tíma var töluverður vöxtur í samneyslu.

Miðað við stöðu opinberra fjármála er þess ekki að vænta að framlag samneyslunnar til hagvaxtar verði mikið á næstu árum. Við gerum t.a.m. ráð fyrir að samneyslan vaxi um 1% á ári út spátímabilið. Eins og áður segir er óvissan um stöðu ríkisfjármála óvenju mikil um þessar mundir og margt í deiglunni. Þessi spá byggir á því að áhersla verði lögð á hallalausan rekstur og lækkun skulda.

Björgunarpakkinn fyrir heimilin

- Hverjar verða afleiðingarnar?

Ein af stærstu spurningunum sem ósvarað er í íslensku efnahagslífi um þessar mundir er hvort eitthvað verði af lækkun höfuðstóls verðtryggðra skulda almennings eins og lofað var fyrir síðustu kosningar.

Niðurstaðan gæti haft töluberð efnahagsleg áhrif, t.d. á einkaneyslu, kaupmátt, verðbólgu og stöðu ríkisssjóðs, svo eitthvað sé nefnt. Umræða og umfjöllun um þetta mál hafði vafalaust mikil áhrif á væntingar almennings. Þannig snarhækkaði væntingavísitalan í kringum kosningar og myndun ríkisstjórnar en hefur fallið mikið síðan. Þar eiga dvíndandi vonir um lækkun skulda efalaust einhvern hlut að máli.

Samkvæmt því sem fram kom var ætlunin að nýta það svigrúm sem myndast gæti samhliða uppgjöri protabúa gömlu bankanna til að koma til móts við lántakendur og þá sem lögðu sparnað í heimili sín. Nefnt var að nýta mætti allt að 300 milljarða króna úr uppgjörum protabúanna í þessum tilgangi.

Lögð hefur verið áhersla á að um sé að ræða réttlætismál og aðgerðirnar því almennar, þ.e.a.s. óháðar því t.d. hvenær lán var tekið, og að lögð verði áhersla á jafnræði og skilvirkni úrræða.

Hve mikill er vandinn?

Þegar rýnt er í tölur sést að 47% fjölskyldna á Íslandi skulda ekkert vegna húsnæðis, 27% þeirra búa í leiguþúsnæði og hafa því tæplega húsnæðisskuldur. 73% búa í eigin húsnæði og voru 27% þeirra skuldlausar. Tillögur ríkisstjórnarinnar beinast að hámarki að 53% heimila í landinu og þar sem þær snúa að miklu leyti að verðtryggum skuldum er sá hópur sem hefur vonir um einhverja leiðréttingu enn minni. Nýlega hefur komið fram að sérfræðingar

Seðlabankans telja að vandi heimila hafi farið minnkandi og því kann umfang hans að vera tölувert minna en látið var í veðri vaka í þingsályktunartillöggunni.

Leiðréttингarsjóður - af hverju?

Samkvæmt því sem fram hefur komið hjá ríkisstjórn er verið að skoða hvort komið verði á fót sérstökum leiðréttингasjóði, verði bið að því að samningar náist við kröfuhafa. Að sögn er unnið að tillögum um fjármögnun sjóðsins, sér í lagi um aðkomu ríkissjóðs og lánveitenda auk yfirlits yfir greiðsluflæði. Því er þó halddið til haga að fjármögnun aðgerða byggist að lokum á fyrrnefndu svigrúmi sem verður mögulega til við skuldaskil þrotabúa gömlu

bankanna. Grundvallaratriði er hvort hægt verði að ná markmiðum tillaganna án þess að auka útgjöld og skuldir ríkissjóðs og stuðla að aukinni verðbólgu. Þá er því einnig ósvarað hvort hægt verði að skapa sátt um leið af þessu tagi, t.d. með tilliti til þess að 47% heimilanna í landinu skulda ekkert vegna íbúðarhúsnaðis.

Það er óneitanlega áleitin spurning hvort hægt sé að fjármagna fyrrnefndan leiðréttингasjóð öðruvísi en með beinni eða óbeinni lántoku ríkissjóðs, eða með aukinni skattheimtu. Þess vegna er erfitt að sannfæra fólk um að sjóðurinn verði ekki ávísun á opinber útgjöld, allavega tímabundið, sem munu bitna á lítt aflögufærum ríkisssjóði. Forsætisráðherra hefur reyndar sagt að sjóðurinn verði ekki fjármagnaður úr

ríkissjóði, heldur sé hugmyndin að fjármálfyrirtækini og jafnvel Seðlabankinn fjármagni aðgerðina.


Hluti af hugmyndafræðinni felst í því að færa húsnæðiskuldri heimilanna úr verðtryggðum lánum yfir í óverðtryggð. Útfærslu þessara breytinga er einnig beðið, en alkunna er að óverðtryggðar skuldri geta gert heimilin berskjaldaðri gagnvart breytingum á greiðslubyrði lána í kjölfar óstöðugleika í efnahagsumhverfinu, t.d. við snögghækkið verðbólgu og vaxtahækkuin í kjölfarið.

Úr einum vasa í annan

Vart þarf að nefna að verulegur hluti verðtryggðra skulda heimilanna er í eigu heimilanna sjálfra, þ.e. lífeyrissjóða eða ríkistengdra aðila eins og Íbúðaláanasjóðs og Landsbankans. Þeir eiga um 86% verðtryggðra skulda heimilanna. Ríkið á

Innbyrðis skipting skulda heimilanna

Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.



einnig hlut í Íslandsbanka og Arion banka, þannig að þetta hlutfall er í raun eitthvað herra. Niðurfærsla þeirra skulda sem um ræðir felst af þessum sökum að miklu leyti í því að færa fé úr einum vasa í annan. Endanleg áhrif velta þó vitaskuld á því hvernig staðið verður að fjármögnun

niðurfærslu lánanna, ef af því verður.

Aðrar útfærslur

Allt frá myndun ríkisstjórnarinnar hefur kastljósið fyrst og fremst beinst að kosningaloforðum Framsóknarflokkssins og marg-

sinnis hefur verið ýjað að því að sjálfstæðismenn séu ekki allir jafn hrifnir af þeim hugmyndum. Það hefur því legið í þagnargildi að Sjálfstæðisflokkurinn gaf einnig kosningaloforð á þessu svíði, sem að mörgu leyti voru mun einfaldari og skýrari en þau sem framsóknarmenn gáfu.


Sjálfstæðismenn vildu t.d. lækka höfuðstól skulda með skattaafslætti. Nefndur var allt að 40.000 króna sérstakur mánaðarlegur skattaafsláttur vegna afborgana af íbúðaláni sem færí beint inn á höfuðstól lánsins til lækkunar. Þessi leið átti að standa öllum til boða. Þá var einnig lagt til að opna leiðir til enn meiri höfuðstólslækkunar með nýtingu á sér-eignarsparnaði. Sú leið fólst í því að nota bæði framlag launþega og vinnuveitanda til að greiða skattfrjálst niður höfuðstól láns. Með þeim hætti yrði mánaðarlega greitt sem nemur 4% launa inn á höfuðstól íbúðalánsins. Þessi leið átti einnig að standa öllum til boða.

Mikil óvissa um framhaldið

Lögð hefur verið mikil áhersla á að vinna sérfræðinga felist í útfærslu ákveðinna markmiða, fyrst

Eigendur verðtryggðra lána

Tölur miðast við árslok 2012.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.



og fremst lækkun höfuðstóls verðtryggðra skulda. Enn er óljóst hvaða beinar tillögur verða lagðar fram í þessu sambandi, en miðað við alla forsögu og umgjörð málssins er e.t.v. hæpið að annar stjórnarflokkurinn fái alfarið að ráða væntanlegum útfærslum og að tillögur hins verði alveg settar til hliðar. Það er því ekki ólíklegt að

tillögur Sjálfstæðisflokkssins séu einnig til hliðsjónar. Þær eru nokkuð skýrar en fela í sér töluberð áhrif á fjármál ríkisins, ólíkt því sem gildir um tillögur framsóknarmana.

Í ljósi þessa er ekki mögulegt að leggja faglegt mat á það hvaða áhrif óframkomnar tillögur kunna að hafa á

framvindu efnahagsmála á komandi misserum. Ekki er því hægt að taka sérstakt tillit til þeirra í þjóðhagsspá en áhrif þeirra eru óneitanlega einn stærsti óvissupáttur spárinnar. Áhrif á þróun einkaneyslu og fjárfestingu heimilanna, ríkisfjármálin og verðbólgunu velta vita-skuld á umfangi og útfærslu aðgerðanna.

7. Innlendir fjármálamarkaðir

Þrátt fyrir metnaðarfull markmið stjórnvalda sem sett voru fyrir 5 árum vofir skuggi fjármagnshaftanna áfram yfir innlendum fjármálamörkuðum og engin fullmótuð stefna um afnám haftanna er í sjónmáli.

Takmarkaður aðgangur að erlendum fjármagnsmörkuðum og fábreyttir fjárfestingakostir munu því áfram standa innlenda markaðnum fyrir þrifum á næstu misserum. Að því sögðu er þó óhætt að fullyrða að fyrstu mánuðir ársins 2013 hafi verið nokkuð viðburðaríkir á íslenskum fjármálamarkaði, þó fyrst og fremst á hlutabréfamarkaði. Í byrjun árs 2013 hækkaði úrvalsvísitalan snögglega en eftir sveiflukent ár stóð vísitalan í lok október í 1.183 stigum sem er 11,7% hærra en hún stóð í upphafi árs. Ekki er ólíklegt að hlutabréfamarkaðurinn verði áfram drifkrafturinn á fjármálamarkaði á næsta ári, menn binda vonir við betri afkomu stærstu félaganna og að fleiri félög verði skráð á markað.

Kraftur að færast í hlutabréfamarkaðinn

Meðalvelta á mánuði fyrstu 10 mánuði ársins 2013 nam 17,9 milljörðum króna samanborið við 6,1 milljarð á sama tímabili 2012. Aðallisti Kauphallarinnar samanstandur nú af 13 fyrirtækjum, þar af eru þrjú færeyisk félög. Á First North markaði Kauphallarinnar eru skráð 4 félög. Tvö ný félög voru skráð á aðal-listann á árinu, VÍS og TM, og eru bæði félögin hluti af Úrvalsvísitolunni (OMX6I). Fyrir lok árs 2013 er síðan ráðgert að hlutabréf í N1 hf. verði tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands og stefnt er að því að 25-28% hlutafjár félagsins verði boðið til sölu. Samkvæmt nýlegum kauprétti sem fjárfestar nýttu sér er áætlað heildarvirði hlutafjár í N1 hf. 14,2 milljarðar króna. Nýlega samþykkti

stjórn HB Granda hf. einnig að leitast eftir afskráningu af First North með því markmiði að skrá bréf félagsins á aðalmarkað Kauphallarinnar en markaðsvirði félagsins samkvæmt síðasta skráða gengi var 28,5 ma.kr. Stjórn Promens hf., sem er í eigu Horns Fjárfestingafélags hf. og Framtakssjóðs Íslands slhf., gaf einnig út yfirlýsingu þess efnis nýverið að félagið myndi leita eftir skráningu í Kauphöllinni í lok árs 2014.

Markaðsvirði allra félaga á aðalmarkaði Kauphallarinnar er u.p.b. 437 milljarðar króna eða um 26% af áætlaðri landsframleiðslu í ár. Þó þetta hlutfall hafi aukist tölvert frá sama tíma árið 2012 er hlutfallið enn mjög lágt í samanburði við norræna markaði en verðmæti skráðra hlutabréfa á hinum Norðurlöndum er á bilinu 60-120% af lands-

framleiðslu. Þó verður að taka tillit til þess að engir bankar eða fjármálfyrirtæki (utan tryggingafélaga) eru skráð á Íslandi en víðast erlendis er hlutur þeirra í heildarmarkaðsvirði hlutabréfamarkaðar tölvert stór.

Stærsti hluti skráðra félaga með erlendar tekjur

Það sem er nokkuð sérstakt við íslenska hlutabréfamarkaðinn er að bróðurpartur félaga á aðallista Kauphallarinnar er með tekjur sínar að miklu eða nær öllu leyti í erlendum gjaldmiðli og uppgjörsmýnt þeirra önnur en íslenska krónan. Hlutabréf þessara félaga og viðskipti með þau eru hins vegar skráð í íslenskum krónum. Markaðsvirði þessara félaga er 72% af verðmæti skráðra félaga í Kauphöllinni og því ættu breytingar


á gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum að hafa bein áhrif á verðmæti þeirra félaga og verðþróun í Kauphöllinni².

Fleiri fjárfestingakostir

Eitt af því sem mikið er rætt um í tengslum við gjald-eyrishöftin er að of fáir fjárfestingakostir séu í boði, bæði fyrir einstaklinga, fagfjárfesta og fyrirtæki. Eftir hrún þurrkaðist hlutabréfamarkaðurinn hreinlega út og sömu sögu má segja um skuldabréfamarkað fyrirtækja sem enn í dag hefur ekki náð nægjanlegu flugi og er ekki sá fjármögnunarkostur sem hann áður var. Þetta má fyrst og fremst rekja til áhugaleysis stærri fyrirtækja á skráningu skuldabréfa og

Markaðsvirði skráðra hlutabréfa í hlutfalli af VLF

Heimild: Nasdaq OMX




greiða aðgangs þeirra sem þau hafa að hagstæðum kjörum annars staðar. Að auki má ekki gleyma því að margir fjárfestar brendu sig illilega á þessum markaði

í kjölfar hrunsins og áhugi þeirra því enn sem komið er takmarkaður. Skuldabréfamarkaðurinn með ríkis- og íbúðalánabréf hefur því verið helsti vettvangur fjárfesta

sem hefur leitt til lækkandi ávöxtunarkröfu og hærra verðs.

Hlutabréfamarkaðurinn hefur þó hægt og bítandi

² Sjá Hagsjá „Fylgir hlutabréfaverð gengi krónunnar?“ 1. nóvember 2013.



verið að taka við sér frá 2009. Sex ný félög hafa verið skráð og virði skráðra hlutabréfa í Kauphöllinni hefur hækkað úr 116 ma.kr. í 437 ma.kr. frá miðju ári 2009 til loka október 2013.

Ekki er líklegt að aukinn kraftur verði í útgáfu á skuldabréfamarkaði á næsta ári og því eru bundnar vonir við að fjárfestingakostum fjöldgi á hlutabréfamarkaði. Miklar líkur eru taldar á því að N1 hf. og HB Grandi hf. verði skráð á aðalmarkað OMX í lok þessa árs eða byrjun næsta. Reitir, Sjóvá og Skipti verða að margra mati skráð á árinu 2014 en gróflega áætlað getur markaðsvirði þeirra numið 70-80 ma.kr. Að auki má fastlega búast við töluverðri fjölgun skráninga á næstu 2-5 árum en erfitt er að spá nákvæmlega fyrir um fjöldann. Ástæða væntinga

um skráningu fleiri félaga byggist að miklu leyti á því að eigendur margra stærstu félaga landsins eru kröfuhafar og framtakssjóðir sem eru í eðli sínu ekki langtíma-eigendur. Þeir eru jafnvel undir lagalegum kvöðum um losun eignahluta þó skráning sé ekki endilega eina lausn þeirra til að losa eign sína.

Er First North kostur?

Forstjóri Kauphallarinnar vakti nýlega athygli á First North markaði Kauphallarinnar og þeim ókosti að samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti fellur First North ekki undir það að vera skipulagður verðbréfamarkaður, heldur telst hann markaðstorg fjármálagerninga. Því flokkast fjárfesting í fyrirtækjum á þeim markaði sem óskráð


eign í bókum lífeyrissjóða. Hann bendir á að þetta fyrirkomulag standi First North markaðnum fyrir þrifum, það hamli skráningu félaga á listann og hefur hann talað fyrir rýmri heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga á þessum markaði, enda njóta fjárfestar í meginatriðum sömu verndar á First North og aðalmarkaði. Það er vissulega rétt að sú breyting yrði líklega til þess að fölga fjárfestingakostum á fjármálamaðnum í ljósi þess hversu mikilvægur eigendahópur lífeyrissjóðir eru á aðalmarkaði Kauphallarinnar. Aftur á móti skipta fleiri þættir máli fyrir fyrirtæki sem eru að leita sér að fjármagni og ekki víst að rýmri fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða einar og sér laði fyrirtæki á markað. First North er fyrst og fremst ætlað litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fyrirtækjum

í örum vexti í leit að fjármagni. Fyrir slík fyrirtæki er aukin þekking og aðgangur að mörkuðum sem fylgir nýjum fjárfestum jafn mikilvægt og fjármagnið sjálft. Því má segja að einsleitur hópur fjárfesta á Íslandi komi að einhverju leyti í veg fyrir að markaðurinn blómstri. Það bætist við þá ókost af völdum fjármagnshafta sem fjármálamaðurinn á Íslandi býr við.

Fullt afnám fjármagnshaftanna ekki í sjónmáli

Stærstan hluta 20. aldarinnar voru höft á fjármagnshreyfingum til og frá landinu. Í kjölfar aðildar Íslands að evrópska efnahagssvæðinu 1994 voru fjármagnshreyfingar gefnar frjálsar til samræmis við reglur samningsins.

Fjármagnshreyfingar jukust talsvert í kjölfarið en færðust fyrst verulega í aukana upp úr aldamótum þegar erlent fjármagn leitaði hingað í svokölluðum vaxtamunarviðskiptum. Hluti þessa fjármagns rann aftur út úr landinu á fyrri hluta árs 2008 en verulegur hluti læstist inni þegar viðskiptabankarnir félru haustið 2008. Áhyggjur yfir því að þetta fjármagn myndi leita hratt út og þar með veikja gengi krónunnar enn frekar var meginástæða þess að ákveðið var að setja höft á fjármagnshreyfingar til og frá landinu undir lok árs 2008. Þá voru meira en 500 ma.kr. af krónum í erlendri eigu læstir inni með fjármagnshöftum. Þessi upphæð er nú komin niður í um 340 ma.kr., meðal annars fyrir tilstuðlan gjaldeyrisútbóða Seðlabanka Íslands.



Um helmingur af vaxtagreiðslum fer út


Fjármagnshöftin ná einungis til höfuðstóls krónueignar erlendra aðila. Samkvæmt reglunum er heimilt að flytja vaxta- og arðgreiðslur úr

landi innan ákveðins tíma frá því að þær eru greiddar út. Svo virðist sem aðeins um helmingur af vaxtagreiðslum sem erlendum aðilum áskotnast hér á landi skili sér í gjaldeyrisviðskipti. Auk þess hafa erlendir

aðilar verið að færa sig úr innlánum og ríkisvílum í lengri ríkisbréf. Þetta tvennt bendir til að hugsanlega séu þeir erlendu aðilar með fastar krónueignir hér á landi þolinmóðari en almennt hefur verið ætlað.

Erlendar eignir lífeyrissjóðanna

Heimild: Seðlabanki Íslands,
Hagfræðideild



Uppgjör þrottabúa gömlu bankanna bætist við vandann

Samkvæmt nýjasta mati frá Seðlabankanum nema innlendar eignir þrottabúa gömlu bankanna um 960 ma.kr. en hluti af þessum eignum er bókfærður í erlendum gjaldmiðlum. Erlendir aðilar eiga um 95% af öllum kröfum þrottabúanna þannig að við uppgjör þeirra er áætlað að við bætist 871 ma.kr. krafa erlendra aðila á innlenda. Þá verða óuppgjerðar kröfur útlendinga á innlenda aðila í kjölfar efnahagskreppunnar um 1.200 ma.kr. Til samanburðar var afgangur af vöru- og þjónustuvíðskiptum á síðasta ári 102 ma.kr. Miðað við að tekið hafi 5 ár að lækka krónueignir erlendra aðila úr ríflega 500 ma.kr. niður í um 340 ma.kr. er augljóst að afnám fjármagnshaftha er ekki í augsýn nema samið verði sérstaklega um að

meðferð krafna þrottabúanna á innlenda aðila valdi ekki ósættanlegri röskun á fjármálastöðugleika.

Innlendir aðilar einnig læstir inni

Auk þess að festa krónueignir erlendra aðila í landinu er innlendum aðilum einnig óheimilt að færa fjármagn úr landi til hvers kyns fjárfestinga. Heildarinnlán innlendra aðila í innlánastofnum eru að stærstum hluta laus til innlausnar með skömmum fyrirvara en alls nema þau um 1.580 ma.kr. Hluti þeirra er í eigu innlendra aðila sem eru ólíklegir til að fara með fé út ef fjármagnshöftum er lyft (til dæmis ríkissjóður, sveitafélög og lífeyrissjóðir). Sá hluti innlána sem ætla má að mest hætta sé á að gæti að hluta streymt úr landi við afnám hafta er í eigu heimilanna (600 ma.kr.) og eignarhaldsfélaga (250 ma.kr.).

Hins vegar er með öllu óvist hversu stór hluti þessa fjármagns myndi leita út.


Búast má við að uppsöfnuð fjárfestingarþörf með tilliti til eðlilegrar áhættudreifingar og takmarkaðra innlendra fjárfestingarkosta sé veruleg. Lífeyrissjóðir eru langstærstu innlendu fjárfestarnir. Fyrir 1998 voru erlendar eignir lífeyrissjóðanna óverulegar enda fjárfestingsheimildir takmarkaðar og tiltölulega nýlega búið að gefa fjármagnsflutninga frjálса. Þessar eignir jukust hins vegar mjög hratt á árunum 2003 til 2008, bæði vegna þess að lífeyrissjóðir voru duglegir að fjárfesta erlendis og einnig vegna örrar hækkunar eignaverðs erlendis á þessum tíma. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna náðu hámarki í október 2007, voru þá 7,6 ma. Bandaríkjadal, sem samsvarar 454 ma.kr. á gengi þess tíma eða 27% af heildaeignum

lífeyrissjóðanna. Verðmæti erlendra eigna sjóðanna lækkaði síðan samfara lækkandi eignaverði erlendis árið 2008. Auk þess hafa lífeyrissjóðir flutt eitt-hvert fjármagn heim, bæði í gegnum Avens-samninginn og gjaldeyrisútboð Seðlabankans. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna eru nú um 4,8 ma. Bandaríkjadal, eða 590 ma.kr. sem samsvarar um 23% af heildareignum.

Þar sem íslenska þjóðin er hlutfallslega ung eru innsgreiðslur í lífeyrissjóðina hærri en útgreiðslur. Fái þeir ekki heimildir til að fjárfesta erlendis má búast við að hlutfall erlendra eigna þeirra lækki áfram með tilsvarandi samþjöppun áhætta í innlendum eignum. Í greinargerð um frammögöngu áætlunar um losun fjármagnshafta kemur fram að til skoðunar sé að setja hömlur á erlendar fjárfestingsar lífeyrissjóðanna eftir


Fjármagnshreyfingar til og frá Íslandi

Ársfjórðungstölur.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands



Krónueign erlendra aðila

Heimild: Seðlabanki Íslands



að höftum hefur verið aflétt þannig að margt bendir til þess að vægi erlendra eigna lífeyrissjóða eigi ekki eftir að aukast á næstunni.

Er frjálst flæði fjármagns sjálfgefið?

Almennt er talið að frjálst flæði fjármagns; líkt og

frjálst flæði vörur, þjónustu og vinnufls; hafi á heildina litið jákvæð áhrif. Það hefur til dæmis verið yfirlýst stefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) að tala fyrir frjálsu flæði fjármagns milli landa. Það þóttu því talsverð tíðindi þegar fjármagnshöft voru sett á hér á landi með samþykki sjóðsins.

Nýlegar yfirlýsingar AGS gefa hins vegar til kynna breytt viðhorf til skilyrð-íslauss óhefts flæðis fjármagns. Það er þó enn yfirlýst stefna sjóðsins að frjálst flæði fjármagnsflæði milli landa hafi almennt jákvæð áhrif. Hins vegar viðurkennir sjóðurinn nú að frjálst flæði fjármagns feli í sér mikla áhættu. Snöggar breytingar á flæði

fjármagns geti auðveldlega stefnt fjármálastöðugleika ríkja í hættu. Almennt séu jákvæð áhrif fjármagnshreyfinga meiri og áhættan minni eftir því sem stofnana- og fjármálakerfi landsins er þroaðra. Það er nú hins vegar yfirlýst afstaða AGS að ekki sé víst að í öllum ríkjum og á öllum tímapunktum sé rétt að stefna að fullkomlega frjálsu flæði fjármagns.

Að því gefnu að núverandi vandi vegna aflandskróna leysist farsællega hlýtur sú spurning að vakna hvort stefna skuli að fullu frelsi í fjármagnsflutningum að nýju, eða hvort Ísland sé í hópi þeirra ríkja þar sem hömlur af einhverju tagi purfi að vera viðvarandi. Í ljósi reynslunnar undanfarin 10 ár verður það síðarnefnda að teljast líklegra.

Þróun eignaverðs frá hruni. Er bóna að myndast?

Nánast allir markaðir á Íslandi botnfrusu á haustmánuðum 2008 og mikil óvissa og ringulreið ríkti í kjölfar falls bankanna. Sé litið til helstu eignamarkaða frá miðju ári 2009, þegar mesti skjálftinn var komin úr skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði, sést að skuldbréfamarkaðurinn hefur gefið bestu ávöxtunina, en vísitala verðtryggðra íbúðabréfa hefur hækkað að meðaltali um 11,7% á ári.

Hlutabréfamarkaðurinn tók við sér á seinni hluta árs 2009 en fór síðan ekki að hækka aftur að ráði fyrr en í ársþyrjun 2013.

Er að myndast eignabóna í skjóli fjármagnshafta?

EKKI er einfalt að skilgreina eignabólu og oft erfitt að greina hvort slík bóna sé til staðar. Raunin er því stundum sú að tilvist eignabólu verður ekki ljós fyrr en um seinan. Eignabóla er ástand þar sem verð eignar hefur í raun slitið tengsl við þá undirliggjandi þætti sem eiga jafnan að stýra verðþróun. Þá virðist sem sú tilhneiting að sjá ekki bóluna fyrr en hún er sprungin hafi

orsakað að verðhækkanir á eignamarkaði í dag eru oft túlkaðar sem bólumyndun. Í sögulegu samhengi voru áföllin árið 2008 mikil og því hafa hækkanir á mörkuðum hér á landi síðustu misseri leitt til alvarlegra vangaveltna um verðbólur og skapað áhyggjur af því að sagan endurtaki sig. Ofan á þetta geta fjármagnshöft haft brenglandi áhrif á eðlilega verðmyndun á innlendum eignamörkuðum og stuðlað að bólumyndun. Þetta helgast af því að verulegar krónueignir erlendra aðila eru læstar hér á landi og innlendum fjárfestum einnig óheimilt að fjárfesta erlendis. Ef eftirspurn eftir innlendum fjárfestingarkostum verður meiri en framboðið leiðir það

eðlilega til verðhækkanar sem getur orðið það skörp og mikil að umfangi að bóna taki að myndast.

Kjöraðstæður til myndunar eignabólu eru til staðar, en mikil lánsfjárbörf ríkissjóðs hefur haldið uppi framboði af fjárfestingarkostum

Eftirspurn eftir fjárfestingarkostum á Íslandi er mikil um þessar mundir. Lífeyrissjóðirnir eru stærstu einstöku fjárfestarnir á Íslandi. Árleg fjárfestingarbörf þeirra er yfir 100 ma.kr. Á sama tíma er framboð fjárfestingarkosta takmarkað. Hallarekstur ríkissjóðs undanfarin ár hefur tryggt

stöðugt framboð af ríkis-skuldabréfum en eftir því sem aukið jafnvægi kemst á ríkisfármálin dregur úr lánsfjárbörfinni. Samkvæmt ársáætlun Lánamála ríkisins 2013 var reiknað með að heildarútgáfa ársins yrði 90 ma.kr., en hrein útgáfa ríkisbréfa einungis 7 ma.kr.

Vegna stöðu íbúðalána-sjóðs er ekki að búast við útgáfu nýrra íbúðabréfa í bili. Hlutabréfaútboð á árinu hafa verið smá í sniðum en þó er búist við auknum skráningum á næstu árum og þegar gert ráð fyrir a.m.k. premur skráningum á næstu 12 mánuðum. Stærð þessara skráninga er óljós, en betur má ef duga skal. Þessi mikla eftirspurn, ásamt fáum

fjárfestingarkostum, skapar kjörlendi fyrir eignabólur þar sem verð þrýstist upp án þess að breyting hafi orðið á grundvallareiginleikum eignanna.

Verðlagning hlutabréfamarkaðarins erfið

Íslenskur hlutabréfamarkaður er enn líttill og í þróun frá hruni. Félögum hefur fjölgæð nokkuð, en þó er enn langt í land að markaðurinn verði hlutfallslega jafn stór og í nálægum löndum. Vegna þess hversu fá félög eru á aðallista Kauphallarinnar og á dreifðum mörkuðum er ómögulegt að horfa á heildarmarkaðinn eða vístolu í sambandi við verðbólu á Íslandi. Nærtækast er því að reyna að horfa á hvert félag fyrir sig og greina hvort félagið sé undir- eða yfirverðlagt.

Í sinni einföldustu mynd eru tveir þættir sem ráða virði fyrirtækis, annars vegar vænt fjárstreymi og hins vegar sú ávöxtunarkrafa sem gerð er á það fjárstreymi. Hækkandi virði fyrirtækja er því byggt á væntingum um ákveðið fjárstreymi

Þróun helstu vísitalna frá miðju ári 2009

Heimild: Nasdaq OMX / Þjóðskrá



(hagnaður og arður) og/eða lækkandi ávöxtunarkröfu. Hættan hér á landi er að eftirspurnarþrýstingur leiði til ósjálfbærrar lækkunar á ávöxtunarkröfu markaðarins. Einnig er sú hætta fyrir hendi að markaðsaðilar ofmeti væntan árangur fyrirtækja til að réttmæta fjárfestingu í þeim.

V/H-kennitalan (verð hlutafélags í hlutfalli við hagnað þess) er sennilega sú sem mest er notuð til að meta mögulega undir- eða yfirverðlagningu hlutabréfa.

V/H-hlutfall þeirra níu íslensku félaga sem eru skráð á aðallista Kauphallarinnar er á bilinu 7,7 til 29,4. Meðaltal vegið með markaðsvirði félaganna er 18. Horft eingöngu á úrvalsvísítöluna þá er þetta hlutfall 17,1. Mikil umræða hefur einnig verið erlendis um bólumyndun á hlutabréfamörkuðum, sér í lagi í Bandaríkjunum þar sem hækkun hlutabréfa hefur nánast verið stöðug í 5 ár. Í þeiri umræðu er horft á V/H-hlutföll og bent á að þessi kennitala sé komin í sama gildi og á haustmán-

uðum 2007. Hins vegar er á móti bent á að vænt arðsemi fyrirtækja sé meiri, skuldsætning minni og kerfisleg áhætta ekki eins mikil og ádur. Það að sérfræðingar geti horft á sömu tölur og komist að ólíkri niðurstöðu varðandi þetta mál sýnir þann vanda sem felst í því að greina hlutabréfabólur.

Engar vísbindingar um bólu á fasteignamarkaði

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækk-


að um 24,5% síðan það var lægst í lok árs 2009. Miðað við almennt verðlag kostar íbúð nána svipað og um mitt ár 2004, miðað við laun er íbúðaverð nú svipað og árin 2004 og 1994. Fasteignaverð í hlutfalli við laun er nú nálægt sögulegu meðaltali. Byggingakostnaður hækkaði mikil í kjölfar hrunsins. Það er almennt áliði að söluberð nýs húsnæðis standi ekki undir byggingakostnaði nema í dýrustu hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við þá stöðu þyrti fasteignaverð að hækka til þess að hægt sé að byggja og svara þörf fyrir nýju húsnæði. Þau gögn sem liggja fyrir gefa því engan veginn til kynna að verðbóla sé á íslenskum fasteignamarkaði.

Höftin brengla skuldbréfamarkaðinn

Raunávöxtunarkrafa markaðsskuldbréfa hér á

V/H hlutföll

Verð / Hagnaður.
Heimild: Bloomberg og Hagfræðideild



landi er á bilinu 2% til 3%. Til samanburðar fór ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa aldrei undir 3,5% á tímabilinu frá 2004 til október 2008.

Fjármagnshöftin skapa umframeftirspurn eftir inn-

lendum fjárfestingarkostum og þar eru skuldabréf helsti kosturinn. Eftirspurnin hækkar verð og þar með lækkar ávöxtunarkrafan. Það má ætla að ávöxtunarkrafan væri eitthvað hærri ef fjármagnshaftanna nytí ekki við, sem myndi þýða

samsvarandi lækkun á verði bréfanna.

Erlendir aðilar, sem eru læstir inni með íslenskar krónur vegna haftanna, eiga að nafnvirði um 180 ma.kr. í ríkisskuldbréfum, aðallega á styttre endanum. M.v. lok

október 2013 áttu erlendir aðilar 67% af RIKB14, 70% af RIKB15, 85% af RIKB16 og 44% af RIKB19.


Ólíklegt er að þessi bréf fari öll á markað við afnám gjald-eyrishaftanna, slíkt myndi valda of miklum truflunum á markaði. Líklegra er að hluti af afléttungaráætlun felist í að gleypa þessi bréf. Þetta er enn eitt dæmið um erfiða stöðu sem er uppi vegna fjármagnshaftanna.

Óvissa vegna fjármagnshafta

Þau gögn sem nú eru fyrir hendi benda ekki til þess að almenn verðbóla sé þegar til staðar á íslenskum eigna-markaði. Aftur á móti eru vísbendingar um að boginn sé að spennast sem sést t.d. í miklum hækjunum á fyrstu dögum í kjölfar nýskráninga TM og VÍS og sílækkandi ávöxtunarkröfu á skulda-

Fyrstu fimm viðskiptadagar eftir skráningu

Heimild: Bloomberg



bréfamarkaði. Þó er ekki úti-lokað að hlutabréfaútboðin hafi verið lítillega undirverð-lögð þar sem mikil áhersla er venjulega lögð á að útboð takist vel. Hins vegar fela fjármagnshöftin í sér að óvissa ríkir um hversu vel verð endurspeglar raunveru-legt virði eigna. Skilvirkni er

í lágmarki og því líklegt að verð endurspegli skort á fjárfestingartækifærum innan haftanna í stað raunverulegs virðis eigna. Fjárfestar þurfa því að hafa sérstakan vara á þegar aðstæður eru með þessum hætti.



8. Endalok alþjóðlegu efnahagskreppunnar í sjónmáli

Efnahagsástandið í Evrópu, mikilvægasta markaðssvæðis

Íslands, hefur verið erfitt undanfarin misseri. Þó er útlit fyrir að heldur sé farið að rofa til. Til að mynda jókst landsframleiðsla á evrusvæðinu um 0,3% milli 1. og 2. ársfjórðungs eftir að hafa dregist saman síðustu sex fjórðunga þar á undan.

Stýrivextir í lágmarki og verðbólga lág en veikur hagvöxtur beggja vegna Atlantshafssins


Fyrir árið í heild er almennt búist við um 0,4% samdrætti á árinu.³ Á næsta ári gera bæði Alþjóðagjaldeyrissjóurinn og markaðsaðilar ráð fyrir um 1% hagvexti á evrusvæðinu.

Flestar spár gera ráð fyrir að verðbólga á evrusvæðinu verði undir 2% á þessu og næsta ári. Ekki er búist við að evrópski seðlabankinn hækki vexti á næsta ári, en stýrivextir bankans eru nú í 0,25%.

Ýmislegt bendir til þess að aðgerðir bandaríkska seðlabankans til að örva

Hagvaxtarspá

Miðgildi spáa markaðsaðila sem skiliðu spá til Bloomberg. Heimild: Bloomberg



hagkerfið séu komnar að endamörkum, en auc þess að halda stýrivöxtum lágum hefur bankinn keypt mikið magn af skuldabréfum til þess að þrýsta vaxtastigini


niður enn frekar. Við þetta hefur efnahagsreikningur bankans stækkað mikið, en ekki liggur fyrir hvernig stendur til að vindu ofan af þeirri stækkuun. Dregið hefur

úr væntingum markaðsaðila um hagvöxt í Bandaríkjum á næsta ári sem kann að skýrast af væntingum um að aðgerðum seðlabankans fari að ljúka. Töluverð óvissa

³ Af þeim 61 greinendum sem tóku þátt í síðustu væntingakönnun Bloomberg var enginn sem spáði aukningu á landsframleiðslu milli ára. Spárnar lágu á bilinu -0,1% til -0,6%. Miðgildi þessara spáa var -0,4%, sem er í samræmi við nýlega spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um 0,4% samdrátt á árinu.

Útflutningsverðlag

Heimild: Seðlabanki Íslands.



ríkir enn um framvindu ríkisfjármála þar sem hækjun skuldaþaks ríkissjóðs hefur mætt mikilli andstöðu í þinginu. Eftir mikil átok um hækjun þaksins á haustmánuðum mun aftur reyna á ríkisfjármálastefnuna þegar útlit er fyrir að hækka þurfi skuldaþakið á ný í febrúar á næsta ári.

hluta ársins 2008 þegar verð á hrávörum lækkaði mjög skarpt.

Búist er við að hægist á hagvexti í nýmarkaðsríkjum, en hagvöxtur þar hefur verið einn helsti drifkraftur hækunar á hrávöruverði seinustu ár. Því eru taldar auknar líkur á að draga muni úr verðhækjunum og verð jafnvel lækka á allra næstu árum.

Í spá Hagfræðideilda er gert ráð fyrir að verð sjávarafurða muni lækka nokkuð á þessu ári. Á fyrstu níu mánuðum ársins var verðið að meðaltali 5,5% lægra en á sama tíma í fyrra. Verðið hefur þó farið hækkandi síðustu mánuði og er gert ráð fyrir lítilsháttar hækjun út spá-

tímabilið. Í heild er reiknað með að verðlag sjávarafurða í lok spátímabilsins verði svipað og í fyrra.

Álverð hefur gefið nokkuð eftir á síðustu árum. Frá aldamótum fór mánaðarlegt meðalverð hæst í 3.071 Bandaríkjadalí fyrir tonnið í júlí 2008, en meðalverð í október á þessu ári var um 1.804 Bandaríkjadalir. Sé miðað við meðalverð undanfarin 5 ár er verðið nú um 11% lægra en um 3% lægra sé miðað við meðalverð það sem af er þessu ári. Sveiflur í álverði hafa verið miklar undanfarin ár. Aukið framboð af áli frá Kína og óvissa um þróun eftirspurnar gerir það að verkum að erfitt er að spá fyrir um framhaldið. Miðað við spár alþjóðlegra

markaðsaðila og framvirkta verð má reikna með nokkuri hækjun frá núverandi gildum á spátímabilinu. Spá Hagfræðideilda gerir ráð fyrir að verðið haldi áfram að sveiflast mikið en reiknar með hóflegri hækjun frá núverandi gildum og að álverð verði í kringum 2.000 Bandaríkjadalí á tonnið í lok spátímabilsins.

Hrávörur um helmingur af útflutningi landsins

Sjávarafurðir, ál og kísiljárn eru á bak við um helming útflutningsverðmæta Íslands. Verð á þessum vörum, eins og öðrum hrávörum, er mjög háð framvindu alþjóðaefnahagsmála. Þetta sýndi sig t.d. í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar á síðari

Aðgangur Íslands að erlendum fjármagnsmörkuðum til staðar

Þrjú stærstu lánshæfismatsfyrirtækin - S&P, Moody's og Fitch - uppfærðu öll lánshæfismat sitt á íslenska ríkinu í ár. S&P hélt láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs vegna langtímaskuld-

Vaxtamunur við bandarísk ríkisskuldabréf 2013

Heimild: Bloomberg

Vaxtamunur á tíu ára ríkisskuldabréfi gefið út í dollurum og bandarísku ríkisskuldabréfi af svipaðri lengd.



bindinga í erlendri mynt óbreytti í BBB- (einum flokki fyrir ofan spákaupmennskuflokk), en breytti horfum úr hlutlausum í neikvæðar. Moody's hélt mati sínu á langtímaskuld-bindingum í erlendri mynt óbreyttu í Baa3 (einum flokki fyrir ofan spákaupmennskuflokk) og breytti horfum úr neikvæðum í stöðugar. Fitch hækkaði hins vegar lánsþæfismat ríkissjóðs úr BBB- (einum flokki fyrir ofan spákaupmennskuflokk) í BBB (tveimur flokkum fyrir ofan spákaupmennskuflokk).

Eitthvað virðist vera að rofa til í aðgengi íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé. Arion banki gaf út skuldabréf fyrir 500 milljón norskar krónur í febrúar. Þau

eru til 5 ára og bera 5% álag á millibankavexti í Noregi. Orkuveita Reykjavíkur gerði láanasamning við Goldman Sachs í apríl að andvirði 25 milljóna Bandaríkjadalara til 18 mánaða sem hluta af endurskipulagningu á erlendum skuldum fyrirtækisins.

Blikur á lofti varðandi vaxtakjör ríkissjóðs

Rökstuðningur S&P fyrir því að breyta horfum á lánsþæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar hefur vakið nokkra athygli. Í umfjöllun matsfyrirtækisins kemur fram að fyrirhuguð almenn skuldaniðurfærsla heimilanna gæti valdið fjárhagslegri áhættu fyrir ríkis-

sjóð, auk þess sem það gæti orðið til þess að lækka mat þeirra á stofnanaumhverfi landsins og fyrirsjánleika stjórnerfisins.

Alls eru fimm markaðshæf erlend skuldabréf ríkissjóðs útistandandi. Mest viðskipti eru með 10 ára skuldabréf í Bandaríkjadöllum sem gefið var út á síðasta ári. Ávöxtunarkrafa þess bréfs á eftirmarkaði var í upphafi árs 2,5 prósentum fyrir ofan bandarískt ríkisskuldabréf af svipaðri lengd. Þetta álag gefur ágætis vísbendingu um áhættumat erlendra fjárfesta á íslenska hagkerfinu. Fyrri hluta árs fór álagið lækkandi. Lægst fór það í 1,9 prósentur í maí og stefndi þá í að krafan yrði svipuð og á sambærilegu litháísku ríkis-

skuldabréfi. Um mitt árið hækkaði álagið á íslenska bréfinu nokkuð skarpt og fór hæst í 3 prósentur í september. Álagið á íslenska bréfinu er nú svipað og á ungversku bréfi af svipaðri lengd, en Ungverjaland er með lægri lánsþæfiseinkunn en bæði Ísland og Litháen. Þessi þróun hefur vitaskuld áhrif á aðra innlenda aðila, þar sem ávöxtunarkrafa ríkissjóðs skilgreinir það grunnið mið sem aðrir innlendir aðilar munu þurfa að búa við.

Útgefandi: Landsbankinn hf.

Ábyrgðarmaður: Daníel Svavarsson

Að skýrslunni unnu: Ari Skúlason, Arnar Ingi Jónsson,
Daníel Svavarsson, Gústaf Steingrímsson, Magnús Stefánsson
og Sveinn Þórarinsson

Upplag: 600

Hönnun: Jónsson & Le'macks

Umbrot: Guðmundur Ragnar Steingrímsson

Myndir: Sigurður Eggertsson

Prentun: Prentmet, nóvember 2013

Innihald og form þeirra greininga sem birtast hér er unnið af starfsmönnum Hagfræðideilda Landsbankans hf. og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem þær voru unnar. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideilda Landsbankans á þeim degi þegar þær eru dagsettar, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmunu að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottiniinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

